



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Félagsráðgjafardeild**

## **BA-ritgerð**

**Tímar breytast og fjölskyldur með**

**- Samanburður á Íslandi og Spáni**

**Þorbjörg Una Þorgilsdóttir**

**Júní 2009**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

# **Félagsráðgjafardeild**

## **BA-ritgerð**

**Tímar breytast og fjölskyldur með**

**- Samanburður á Íslandi og Spáni**

**Þorbjörg Una Þorgilsdóttir**

**Júní 2009**

Umsjónarkennari: Guðný Björk Eydal

Nemandi: Þorbjörg Una Þorgilsdóttir

Kennitala: 040681-4509



## Útdráttur

Í eftirfarandi lokaverkefni er leitast við að varpa ljósi á hvernig fjölskyldur á Íslandi og Spáni hafa gengið í gegnum breytingar undanfarna áratugi. Breytingarnar eru ýmist túlkaðar sem böll eða bót og greinir fræðimenn á um í hverju þær felast. Fjallað verður um stöðu fjölskyldunnar á Íslandi og Spáni, trúarbrögð þeirra og fjölskyldugildi. Sterk fjölskyldugildi virðast vera á undanhaldi á Spáni en skilnuðum hefur fjölgað á undanförunum árum, sérstaklega í kjölfar nýrrar skilnaðarlöggjafar sem tók gildi árið 2005. Hefur þessi þróun farið fyrir brjóstið á kaþólsku kirkjunni. Á Íslandi hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist stöðugt en bæði kynin vinna langan vinnudag. Íslensk börn eyða löngum stundum í dagvistun og hafa ýmsir, meðal annars kirkjunnar menn, áhyggjur af því að fjölskyldan fái ekki nægar stundir til samvista. Helstu niðurstöður eru þær að löndin hafa farið ólíkar leiðir í fjölskyldumálum sínum sem eru óneitanlega breytt frá því sem áður var. Margt svipar þó með löndunum eins og frjálslýndi í löggjöf samkynhneigðra og skoðanir til kynhlutverka.

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR .....</b>	<b>4</b>
<b>1. FJÖLSKYLDUR Í EVRÓPU.....</b>	<b>6</b>
1.1 Þýðing fjölskyldunnar .....	6
1.2 Mismunandi sjónarmið á fjölskylduna.....	8
1.3 Fjölskylduformið breytist.....	11
1.4 Þjóðir eldast og fæðingartíðni lækkar .....	15
1.5 Giftingum fækkar og skilnuðum fjölgar .....	18
1.6 Hlutverk kvenna breytist .....	19
1.7 Lykiltölur um Ísland og Spán .....	20
<b>2. SPÆNSKA FJÖLSKYLDAN .....</b>	<b>25</b>
2.1 Saga laga um hjónabönd og skilnaði á Spáni .....	25
2.2 Vinstrisinnuð ríkisstjórn kemst til valda.....	29
2.3 Eftirsjá kaþólsku kirkjunnar .....	31
<b>3. ÍSLENSKA FJÖLSKYLDAN.....</b>	<b>33</b>
3.1 Saga íslensku fjölskyldunnar.....	33
3.2 Hjúskaparlög á Íslandi.....	37
3.3 Að samþætta fjölskyldu og atvinnulíf.....	41
3.4 Kirkjan og fjölskyldan .....	42
<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>44</b>
<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>48</b>

## Inngangur

Orðið fjölskylda verður notað í sinni víðustu merkingu í þessu lokaverkefni. Ekki verður gerður greinamunur á kjarnafjölskyldu og stjúpjölskyldu sem dæmi, heldur er gengið út frá því, að fjölskyldan sé sá kjarni, sem einstaklingur telur sig tilheyra.

Fjölskyldan er öllum mikilvæg, en að sögn BirdJeff, Walker og Zaldua (2005) eru íhaldssöm gildi hennar og kjarni á undanhaldi í Evrópu. Hjónaböndum í öllum löndum Evrópu hefur fækkað og skilnuðum hefur fjölgað. Einnig hefur börnum fæddum utan hjónabands fjölgað og þeim einstaklingum sem kjósa að búa einir. Fræðimönnum kemur ekki saman um hvort þessar breytingar séu fjölskyldunni til góðs eða ills en Fiona Williams ræðir þennan ágreining í bók sinni *Rethinking families* (2007). Þar greinir hún á milli þriggja sjónarmiða: Bölsýnis-, bjartsýnis- og breytileikasjónarmiða sem fjallað verður nánar um í fyrsta kafla.

Samkvæmt Guðnýju Björk Eydal (2005) hafa allar ofangreindar breytingar verið augljósari í Norður-Evrópu heldur en í Suður-Evrópu. Ísland og Spánn eru afar ólík lönd með ólíkan sögulegan bakgrunn hvað fjölskyldustefnu varðar. Spænska samfélagið hefur tekið miklum breytingum í gegnum aldirnar. Kapólska kirkjan berst í bökkum til að vernda hin íhaldsömu gildi fjölskyldunnar á Spáni, en kirkjan telur að viss afturför eigi sér stað vegna tilkomu nýrrar ríkisstjórnar sem kom til valda árið 2004 (Loewenberg, 2004; Purcell, 2005). Íslendingar eru meðal annars þekktir fyrir langan vinnudag og mikla þátttöku bæði karla og kvenna á vinnumarkaði (Hagstofa Íslands, 2008c). Bent hefur verið á að lífsgæðakapphlaupið hafi náð yfirhöndinni og að tengsl foreldra og barna fari þar minnkandi (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Að auki hefur íslenska kirkjan lýst yfir áhyggjum sínum og telur að foreldrahlutverkið hafi „aldrei verið í meira uppnámi en einmitt nú“ (Karl Sigurbjörnsson, 2005).

Löndin tvö verða hér borin saman og mun höfundur reyna að grafast fyrir um ástæður breytinganna og leita svara við spurningunum: Hafa fjölskyldur á Íslandi og Spáni breyst og ef svo er, fóru þær ólíkar leiðir að breytingunni og hvert stefna þær?

Þetta lokaverkefni á sér langan aðdraganda. Í upphafi hafði höfundur áhuga á að skoða líðan skilnaðarbarna á Íslandi en ákvað síðar að skipta alfarið

um efni og sneri sér þá að fjölskyldum þessara tveggja landa sem hafa verið nefnd. Höfundur hefur starfað á Spáni undanfarin ár og þannig kynnst landi og þjóð smám saman. Áhugi hans á mismunandi menningu landanna skilaði þessari hugmynd að lokaverkefni.

Leitað var gagna meðal annars hjá samevrópsku hagstofunni *Eurostat* sem og hjá samtökunum *Institute for family policies*. Talnaefni frá íslensku hagstofunni, Jafnréttisstofu og skýrslur frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu komu að góðum notum við öflun íslenskra heimilda. Að auki var stuðst við ritaðar heimildir þá bæði frá íslenskum fræðimönnum og erlendum.

Fyrsti kafli verkefnisins heitir *Fjölskyldur í Evrópu*. Þar verða tekin fyrir mismunandi sjónarmið um þýðingu fjölskyldunnar með áherslu á ofangreint túlkunarlíkan Fiona Williams. Einnig verður þróun fjölskyldugerða í Evrópu skoðuð sem og hvernig hlutverk kvenna hafa þróast. Loks verða lykiltölur um Ísland og Spán kynntar. Þá er einnig fjallað um niðurstöður rannsókna á fjölskyldugildum í Evrópu. Annar kafli heitir *Spænska fjölskyldan*. Þar verður fjallað um litríka sögu spænsku skilnaðarlaganna, réttindabaráttu kvenna sem og valdabaráttu kirkjunnar um fjölskyldugildi þjóðarinnar. Þriðji kafli, *Íslenska fjölskyldan*, greinir frá sögu íslensku fjölskyldunnar, hjúskaparlögum og hvernig foreldrum gengur að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf. Að auki verður samband kirkjunnar og fjölskyldunnar kannað. Í lokaorðum dregur höfundur saman niðurstöður sínar og svarar þeim rannsóknarspurningum sem lagðar voru fram í upphafi.



## 1. Fjölskyldur í Evrópu

Evrópskar fjölskyldur hafa gengið í gegnum umfangsmiklar breytingar á undanförunum áratugum og hafa þær valdið hugarangri. Hlutverk fjölskyldna hefur oft á tíðum verið óljóst og ríkjandi hugmyndafræði á hverjum tíma hefur haft áhrif á hverjar skyldur þeirra og ábyrgð eru (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Eins og samevrópska hagstofan *Eurostat* og breski fræðimaðurinn Fiona Williams benda á, hafa þjóðir elst og fæðingartíðni lækkað. Fjölskyldur eru breytingum háðar, þar sem sífellt fleiri flytjast úr dreifbýli í þéttbýli, atvinnuhættir breytast og þáttur kvenna á atvinnumarkaði hefur stóraukist. Allir þessir þættir hafa gert það að verkum að óttast er um hag fjölskyldunnar (*Eurostat regional yearbook 2008*, 2008a; *Living conditions in Europe*, 2008b; *The life of women and men in Europe*, 2008c; *Hagstofa Íslands*, 2008a; Williams, 2007).

Hér verður fjallað um mismunandi sjónarmið á fjölskyldur, þá þróun sem hefur orðið á evrópskum fjölskyldum, lýðfræðilegar breytingar og hvernig hlutverkaskipan innan fjölskyldna hefur breyst. Fyrst verður leitast við að svara hver þýðing fjölskyldunnar er.

### 1.1 Þýðing fjölskyldunnar

Heimsspekingurinn Aristóteles (384–322 f.Kr.) beindi rannsóknum sínum að mannum og sambandi hans við sjálfan sig, samfélagið og tilveruna í heild sinni. Hann taldi að maðurinn væri félagsvera sem gæti aðeins þroskað sínar dýpstu þarfir þegar hann væri í nánu tilfinningalegu sambandi við aðrar manneskjur og þannig orðið hamingjusamur. Fjölskyldan væri innsti kjarni mannsins sem uppfyllti þær þarfir sem hann hefði, það væri eiginleiki hans fram yfir aðrar dýrategundir að tengjast svo nánum tilfinningaböndum. Karl og kona væru gædd mismunandi eiginleikum sem gerði það að verkum að þau bættu hvort annað upp, þannig gætu þau annast afkvæmi sín og komið þeim til manns. Að sama skapi segir Biblían að einvera sé mannum ekki holl og því skapaði Guð konuna (Biblían, 1973; Myhre, 2001; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Að þessu má vera ljóst að fjölskyldan var mönnum hugleikin frá örófi alda.

Samkvæmt Coontz (2007) fóru fræðimenn að taka eftir því í byrjun 19. aldar að það sem gerðist innan veggja fjölskyldunnar hafði það líka afdrifaríkar

afleiðingar á uppeldi og velferð barna. Um 1950 voru lönd víða í rústum eftir tvær heimsstyrjaldir og þjóðir lágu eftir í sárnum. Það var tími til að bæta um betur, hlúa að fjölskyldu- og tilfinningatengslum. Fyrirvinnuskipan festist aftur í sessi, karlar fóru og drógu björg í bú á meðan konur sinntu heimilishaldinu. Þetta var tími kynhlutverka og tíðni skilnaða í Evrópu var um 0,2% á hverja 1000 íbúa. Er þessi tími oft kallaður „gullöld fjölskyldunnar“ (Coontz, 2007).

Um 1960 varð breyting á, atvinnuþátttaka kvenna fór sífellt vaxandi, þær sóttu ákaft í aukna menntun og kröfðust jafnréttis. Talið barst frá uppeldismálum til stöðu kvenna og aukins jafnréttis. Á sama tíma litaðist öll umræða um fjölskylduna neikvæðni og því var haldið fram að konur og börn nytu ekki sannmælis innan hennar. Þannig stóðu málin fram að 9. áratug síðustu aldar en þá fyrst varð aukin meðvitund um bættu félagslega stöðu fjölskyldunnar. Rannsóknir um stöðu kynjanna innan fjölskyldna í Evrópu jukust og þær beindust í auknum mæli til karla og mikilvægi þeirra í þátttöku uppeldisins (Sigrún Júlísdóttir, 2001; Coontz, 2007).

Áður ríkjandi viðhorf töldu karla ekki nauðsynlega í uppeldi barna, þeir gegndu engu uppeldislegu hlutverki og ekki var talið mikilvægt að barnið væri í samskiptum við þá. Sálkönnuðurinn Sigmund Freud (1856 – 1939) leit til dæmis á móðurina sem aðaluppalanda barnsins, hjá henni fengi það allt sem það þarfnast en faðirinn kæmi ekki inn í myndina fyrr en barnið væri orðið nokkurra ára gamalt (Parke, 1981).

Nú á 21. öldinni lifum við á breyttum tímum. Form fjölskyldunnar og hlutverkaskipan innan hennar er önnur og hún þjónar öðrum tilgangi en hún gerði á öldum áður. Áður fyrr skipti það mestu máli að ganga í hjónaband en lítil áhersla var lögð á með hverjum (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Hvert er þá hlutverk fjölskyldunnar fyrir einstaklinginn og ekki síður samfélagið? Að mati Sigrúnar Júlíusdóttur (2001) gefur hún einstaklingnum þá festu sem hann þarfnast og staðsetur hann í samfélaginu. Fjölskyldan er neyslueining sem viðheldur fjölgun mannkyns, elur upp börn og kennir þeim að bjarga sér í samfélaginu. Hún er vettvangur barna til að öðlast mikilvægan félagslegan- og tilfinningaþroska. Hugsanlega er þó mikilvægasta hlutverk hennar að vera sá staður þar sem lífsnauðsynleg og ómissandi tilfinningatengsl fara fram og endast ævilangt (Jón Björnsson, 1994).

## 1.2 Mismunandi sjónarmið á fjölskylduna

Breskur fræðimaður í félagsmálastefnum (*e. social policy*), Fiona Williams, hefur lagt kapp á að rannsaka hver staða fjölskyldunnar er en hún gaf nýverið út bókina *Rethinking families* (2007). Bókin er afurð fimm ára rannsóknarvinnu sem hún og samstarfsmenn hennar í Leeds, Bretlandi hafa unnið að. Williams telur að tímar hafi breyst og fjölskyldur með en hún spyr hvort ný fjölskylduform sé að verða til. Í bók sinni reynir hún að varpa ljósi á hvernig fjölskyldur eru taldar líta út og hvernig þær líta út í raun og veru. Hún telur mikilvægt að átta sig á þeim breytingum sem hafa orðið og að endurskoða hvernig nútímafjölskyldur virki. Það séu margir samverkandi þættir sem hafi áhrif á fjölskylduformið og má þar nefna efnahagslega, félagslega, menningarlega og lýðfræðilega þætti. Í þeim fjölskyldum sé afar rötgróin hefð til mikillar vinnu, fjárhagslegs sjálfstæðis og menntunar.


Fræðimönnum kemur þó ekki saman um hvert fjölskyldan stefnir en þrjú sjónarmið eru tekin fyrir í bók Williams; Bölsýnissjónarmiðið, Þjartsýnissjónarmiðið og breytileikasjónarmiðið sem hér verða nánar kynnt.

Bölsýnissjónarmiðið fullyrðir að aukin tíðni skilnaða, óvígðrar sambúðar, óskilgetinna barna og einstæðra foreldra standi fyrir hnignandi siðferðiskennd meðal fjölskyldna sem mun leiða af sér skaðleg áhrif á börn. Þau hljóti félagslegan og tilfinningalegan skaða vegna skilnaða og afleiðingarnar munu ganga áfram til barna þeirra síðar á lífsleiðinni. Litið er á óvígða sambúð sem flóttu undan ábyrgð og vísi að óstöðugu sambandi foreldra sem er slæmt fyrir börn. Sambandið endist að meðaltali skemur og leiðir síður til hjónabands. Börn einstæðra foreldra skorti föðurmynd og þau lifa við verri kjör sem gerir þau og þá sérstaklega drengi, viðkvæma fyrir fullnægjandi hæfni til að verða foreldri seinna meir og eykur einnig líkur á fátækt. Fækkun karla sem fyrirvinnu, aukið fjárhagslegt og félagslegt sjálfstæði konunnar og viðurkenning fjölbreytilegrar kynhneigðar stuðla að tilfinningalegu tómarúmi fjölskyldunnar. Í stað skyldu, tryggðar og ábyrgðar er nú einstaklingshyggja ríkjandi með skort á sjálfstjórn og auknum félagslegum óstöðugleika. Hægt er að svara þessu ástandi með því að endurreisa hjónabandið og hlúa að því sem félagslegum ávinningi. Fjölskyldan á skilið opinberan stuðning og hvatningu því fjölskyldur byggðar á hjónabandi eru

að jafnaði heilbrigðari, auðugari og stöðugari heldur en önnur fjölskylduform (Sama heimild).

Bjartsýnissjónarmiðið er hins vegar í algjörri andstöðu við bölsýnissjónarmiðið. Það lítur á þessar breytingar sem boðbera hjónabanda sem hylla jafnræði, gagnkvæma virðingu, hamingju, velþóknun og ekki síst sjálfstæði kvenna. Það syrgir ekki að hefðbundin kynjaskipting sé á undanhaldi né að hjónabönd endist ekki lengur ævilangt. Sambönd í dag eru ekki lengur bundin skyldum og venjum heldur eru umsamin. Kjarni þessarar kenningar er að sambönd í dag séu sniðin að þörfum einstaklingsins þar sem hann nýtur sín og fær tækifæri til að skapa sína eigin lífsleið sem síðar endurspeglast í samböndum hans. Á þetta sérstaklega við konur sem öðluðust aukið sjálfstæði og gátu með því ráðstafað eigin launum. Þannig voru þær ekki lengur háðar launum karla. Það sem hvetur einstaklinginn áfram í sambandi sínu er að finna leiðir til að viðhalda því jafnræði sem hefur skapast, gagnkvæmri virðingu, hamingju og að mæta þörfum hvors annars. Þegar upp er staðið stuðla þessi sambönd að jafnræði kynjanna sem og jafnræði innan fjölskyldunnar þar sem hver meðlimur er sjálfstæð persóna. Leitin að hamingju er ekki auðveld og velja því sumir að vera gefandi í gegnum líf sitt því þörfin fyrir nánum tengslum við aðra er svo sterk. Þannig verður kærleikurinn þýðingarmeiri en jafnframt óútreiknanlegur. Fólki deilir um að þessi óvissa þýði að samband foreldra og barna hafi komið í staðinn fyrir hjónaband eða samband fullorðinna sem nýtt form af ævilöngu, tilfinningalegu sambandi. Lífsförunautar koma og fara en samband foreldra og barna er eilíft.

Á mynd 1.1 má sjá niðurstöður könnunnar sem var framkvæmd af bresku hugveitunni *Institute for Public Policy Research* (IPPR) árið 2004 og var kynnt í bók Williams. Þar voru foreldrar á þrítugs- og fertugsaldri spurðir hvað veitti þeim mesta lífsfyllingu. Athyglisvert er að sjá mismunandi svörun kynjanna en samkvæmt þessari könnun fá mæður sína mestu lífsfyllingu frá börnum sínum en feður frá fjölskyldu og vinum. Íþróttir og áhugamál er stór hluti af lífi feðra á meðan 10% mæðra taldi það gefa sér lífsfyllingu.



Heimild: Williams, 2007, bls. 21.

### Mynd 1.1 Hvað veitir þér lífsfyllingu?

Önnur síður hefðbundin en náin sambönd eins og þau sem eru byggð á vináttu eða hjá þeim sem eru í fjarbúð, hafa verið skilgreind sem brautryðjendur í leit sinni að finna nýjar leiðir til að leysa spennu sem verður oft í kynferðislega virkri sambúð. Það er listin að finna jafnvægið á milli sjálfstjórnar og nándar (Sama heimild).

Breytileikasjónarmiðið dregur í þau sjónarmið sem nefnd hafa verið, það er bölsýnis- og bjartsýnissjónarmiðið. Þar segir að áður fyrr hafi margbreytileiki tíðkast í fjölskyldum. Sem dæmi um heimilishald 19. aldar hafi fjölskyldan oft verið tengd blóðböndum, hjónabandi sem og vináttu og allt var talið ein stór fjölskylda. Á yfirborðinu var kynlíf eingöngu tengt hjónabandi en það var einföld leið til að fela óskilgetin börn í stað þess að afneita tilveru þeirra. Hægt er að draga í efa bæði bölsýnis- og bjartsýnissjónarmiðin því þau eru ýkt, þar sem bjartsýnissjónarmiðið vanmetur gamla siði í nýjum búningi en bölsýnissjónarmiðið sér ekki stöðugt ferli í gömlum hnignandi fjölskyldugildum. Þessi þrjú sjónarhorn eru afar ólík en sýna að ekki er auðvelt að skilgreina tilfinningar sem verða við breyttar aðstæður. Til þess þyrfti mun nánari athugun á upplifun einstaklinga, skoðunum og aðstæðum hverju sinni (Sama heimild).

### 1.3 Fjölskylduformið breytist

Kjarnafjölskyldan hefur verið ráðandi form fjölskyldunnar um langa tíð og samkvæmt Barbagli og Kertzer (2003) er það hið eina rétta form. Á tímum seinni heimsstyrjaldar þegar kjarnafjölskyldan var sem sterkust fyrirfundust einstæðir foreldrar, útivinnandi mæður og samkynhneigð sambönd. Margar konur misstu til að mynda maka sína í stríðinu og stóðu eftir sem einstætt, útivinnandi foreldri en ekkert af þessu féll að þeirri ímynd sem kjarnafjölskyldan var. Í dag eru fjölskyldur ekki lengur karl og kona með tvö börn þar sem karlinn er fyrirvinna og höfuð fjölskyldunnar en konan heimavinnandi. Nú er fjölskyldan önnur þar sem innbyrðis tengsl eru misjöfn og samskipti og verkaskipan eru sveigjanleg (Barbagli og Kertzer, 2003).

Eftir seinni heimsstyrjöldina höfðu lifnaðarhættir Evrópubúa batnað til muna, ungbarnadauði lækkaði, meðalaldur kvenna jókst og almenn hagsæld fór vaxandi. Þessi hagsæld skilaði sér ekki einungis til atvinnulífsins heldur líka til fjölskyldunnar og þá sérstaklega til kvenna og barna. Kjarnafjölskyldan var þarna í blóma. En um 1960 fækkaði hjónaböndum og skilnaðir jukust, meðal annars vegna efnahagslegrar hagsældar og félagslegs stöðugleika í Evrópu. Í kjölfarið var altalað innan Evrópu að fjölskyldan sem stofnun mundi brátt líða undir lok. Konur og börn voru talin í sérstakri hættu á að missa þá vernd sem fjölskyldan veitti þeim en fram að þessu hafði aðeins dauði tvístrað fjölskyldu en nú fóru skilnaðir að leysa fjölskyldur upp. Nýtt form sambanda á milli kynjanna var staðreynd og nú var ekki lengur talin þörf á að gifta sig til að stofna fjölskyldu. Sífellt fleiri kusu að gifta sig ekki og sérstaklega í Norður-Evrópu. Milli 1950 og 1970 lækkaði hlutfall þeirra kvenna sem kusu að gifta sig í aldurshópnum 45 – 49 úr 18% í 7% í Svíþjóð, úr 17% í 7% í Englandi og úr 21% í 6% í Noregi. Í Suður – Evrópu lækkaði tíðnin eitthvað en ekki jafn mikið. Með því að skoða töflu 1.1 má sjá þróun hjónabanda í Evrópu á árunum 1970 – 1993 (Sama heimild).

**Tafla 1.1 Hjónabönd í völdum löndum Evrópu 1970 – 1993**

	<i>Giftingar á 1,000 íbúa</i>		<i>Meðalaldur kvk við fyrsta hjónaband</i>	
	<i>1970</i>	<i>1993</i>	<i>1970</i>	<i>1992</i>
<i>Danmörk</i>	7,4	6,2	22,8	28,2
<i>Ísland</i>	8,2*	4,6	21,4*	27,0*
<i>Noregur</i>	7,6	4,5	22,7	-
<i>Svíþjóð</i>	5,4	3,9	24	27,8
<i>Grikkland</i>	7,7	5,9	22,9	24,4
<i>Ítalía</i>	7,4	5,1	24,1	26
<i>Portúgal</i>	9,4	6,9	24,3	24,5
<i>Spánn</i>	7,3	5,2	24,7	25,9
<i>Austurríki</i>	7,1	5,6	23,1	25,7
<i>V – Þýskaland</i>	7,3	5,5	23	26,5
<i>Frakkland</i>	7,8	4,7	22,4	26,1
<i>Belgía</i>	7	5,4	22,4	24,9
<i>Holland</i>	9,5	5,8	22,8	26,6
<i>Bretland</i>	8,5	5,1	22,4	-

Heimildir: Barbagli og Kertzer, 2003, bls. 98; Tölur fyrir Ísland Hagstofa Íslands, 2008d.

\* Meðaltal giftinga á 1000 íbúa á árunum 1966 – 1970. Meðalaldur kvenna við fyrsta hjónaband er frá tímabilinu 1966 – 1970 og 1991 – 1995.

Giftingum fækkaði, meðalaldur kvenna við fyrsta hjónaband hækkaði og skilnuðum fjölgaði. Á töflunni sést að meðalaldur kvenna við fyrsta hjónaband hækkar og þá sérstaklega á Norðurlöndunum. Aldurinn hækkaði þó minnst í Portúgal og á Spáni en meira í löndum Norður-Evrópu. Í Danmörku mældist meðalaldurinn hæstur eða 28,2 ár, næst í Svíþjóð með 27,8 ár. Eins og áður sagði fækkaði giftingum og má sjá að tíðni giftinga á Íslandi fór úr 8,2% í 4,6% á 13 árum. Á Spáni lækkaði tíðnin einnig úr 7,3% niður í 5,2%. Að mati Barbagli og Kertzer (2003) valdi fólk í kjölfarið æ oftast óvígða sambúð (Sama heimild).

Þetta þýddi að sífellt fleiri börn voru að fæðast utan hjónabands. Að mati Barbagli og Kertzer (2003) túlkuðu margir fræðimenn þetta nýja fjölskylduform sem hættuástand fyrir fjölskylduna og stóð ekki á sama. Tíðni barna fædd utan hjónabands var einstaklega há í Norður-Evrópu og þá sérstaklega á Íslandi og í Svíþjóð (Barbagli og Kertzer, 2003). Á árunum 1971 – 1975 fæddust um 33% íslenskra barna utan hjónabands og milli 1991 – 1995 var tíðni fæddra barna utan hjónabands komin upp í 58% en fram undir miðja 20. öld fæddust að meðaltali 17,5% barna utan hjónabands (Hagstofa Íslands, 2009b). Árið 1970 voru 11,3%

barna á Íslandi fædd utan hjónabands en þessi tala var komin upp í 49,5% árið 1992. Á Spáni var tíðin önnur en þar voru 1,4% barna fædd utan hjónabands árið 1970 og hækkaði í 10,4% árið 1992. Þrátt fyrir að unga fólkið kysi frekar sambúðarformið þýddi það ekki að það vildi ekki gifta sig síðar á lífsleiðinni. Rannsóknir hafa sýnt að sambúðarformið var notað til að kynnast maka sínum betur og eins til að reyna á sambandið áður en það var innsiglað (Barbagli og Kertzner, 2003).

Það var svo um 1970 sem evrópskar fjölskyldur byrjuðu að breytast. Í fyrsta lagi vék hið flókna kjarnafjölskylduform þar sem eldri ættingjar lifðu einnig undir sama þaki fyrir smærri fjölskyldueiningum og þá sérstaklega í Norður- og Vestur-Evrópu. Fjölskyldur við Miðjarðarhafið hafa haldið lengur í form kjarnafjölskyldunnar og má áætla að þar séu fjölskyldugildi sterkari. Í öðru lagi fór heimilishaldið að einkennast af einum eða tveimur fullorðnum og þá sérstaklega í Norður-Evrópu. Í töflu 1.2 má skoða þessa þróun betur en þar eru valin lönd tekin fyrir yfir þrjú tímabil: 1990, 1991 og 1996. Í töflunni sést glögglega sá munur sem er á milli Evrópulandanna hvað heimilishald og fjölskyldugildi varðar. Á árunum 1990 og 1991 var fjöldi heimila með einstæðum foreldrum á Íslandi 26% en aðeins 13,4% á Spáni. Samsettar fjölskyldur (*e. complex families*) eru algengari á Spáni og Portúgal og mælast rúmlega 11% á meðan hluti Norðurlandanna (Finnland og Danmörk) mælist með 2,3% og neðar (Barbagli og Kertzner, 2003).



**Tafla 1.2 Tegundir heimilishalda í völdum löndum Evrópu, 1990/1991/1996**

	<i>Hjón án barna 1990 / 1991</i>	<i>Hjón með börnum 1990 / 1991</i>	<i>Einstæðir foreldrar 1996 % allra heimila m/börnum</i>	<i>Samsettar fjölskyldur 1996</i>	<i>Heimili einstæðra foreldra 1990 / 1991</i>	<i>Heimili einstæðra foreldra 1996 (undir 65 ára)</i>
<i>Danmörk</i>	26,6	26,3	12	1	34,4	21,9
<i>Finnland</i>	30,6	26,2	16,6	2,3	31,7	23,3
<i>Ísland</i>	<b>34,7</b>	<b>38,2</b>	<b>12,3</b>	-	<b>26,0</b>	-
<i>Svíþjóð</i>	30,3	21,8	-	-	39,6	-
<i>Grikkland</i>	23,8	49,1	5,1	8,8	16,2	8,5
<i>Ítalía</i>	19,4	46,7	5,3	6,3	20,6	9,1
<i>Portúgal</i>	22,7	49,9	6,6	12,4	13,8	4,3
<i>Spánn</i>	<b>17,9</b>	<b>55,8</b>	<b>3,1</b>	<b>11,6</b>	<b>13,4</b>	<b>3,9</b>
<i>Þýskaland</i>	23,3	30,5	11,2	2,3	33,6	18,3
<i>Frakkland</i>	24,9	38,1	11,3	2,6	27,1	17
<i>Belgía</i>	22,9	35,7	11,8	2,6	28,4	16,1
<i>Holland</i>	22,5	33,5	7,4	0,6	30	19,8
<i>Bretland</i>	27,2	32,9	19,7	3,5	26,7	13,3

Heimildir: Barbagli og Kertzer, 2003, bls. 105; Landshagir, 1991-1993, bls. 36; Landshagir, 1997-1999, bls. 48.

Áhugavert er að skoða þann mun sem er á milli Íslands og Spánar hvað hjón með og án barna varðar. Á árunum 1990 – 1991 voru 34,7% íslenskra hjóna án barna á meðan 17,9% spænskra hjóna voru án barna. Að sama skapi voru fleiri hjón með börnum á Spáni (55,8%) samanborið við íslensk hjón (38,2%). Það voru ekki mörg heimili á Spáni sem innihéldu einstæða foreldra með börnum árið 1996. Þau voru einungis 3,1% allra heimila á meðan hlutfallið var 12,3% allra íslenskra heimila (Barbagli og Kertzer, 2003; Landshagir, 1991-1993; Landshagir, 1997-1999).

Fjölskyldur í Evrópu virðast vera búnar að aðlaga sig að breyttum tímum og ríkja nú margvísleg fjölskylduform sem einkennast af hverju landi fyrir sig. Í dag er sambúð tveggja einstaklinga með eða án barns/barna talin eðlileg. Sambúðinni er gefin viss reynslutími og er jafnvel staðfest með hjónabandi. Það er enginn ein leið réttari en önnur og fólk nýtir sér það val sem það hefur (Barbagli og Kertzer, 2003).

#### 1.4 Þjóðir eldast og fæðingartíðni lækkar

Það er staðreynd að Evrópa er nú álfa hinna öldruðu. Hugveitan Institute for Family Policy gaf út skýrsluna *Report on the Evolution of the Family in Europe 2008* og lýsti þar yfir áhyggjum sínum. Í skýrslunni kemur fram að í janúar 2008 var áætlaður fjöldi Evrópubúa 497,2 milljónir sé miðað við lönd sem tilheyra Evrópusambandinu eða svokölluð EU-27<sup>1</sup> lönd. Af þessum fjölda er einn af hverjum fimm yfir 65 ára aldri og einn af hverjum tuttugu og tveimur yfir 80 ára sem samsvarar 4,4% af evrópskum mannfjölda. Haldi þessi þróun svona áfram hefur það verið reiknað út að fjöldi 80 ára og eldri árið 2050 verði 11,2%. Árið 2008 mældist þessi aldursflokkur á Íslandi 3,1% og 4,4% á Spáni. Því dýpra sem farið er í þessar tölur má sjá að hlutfall aldraðra hækkar hratt miðað við tíðni fæðinga. Ef við skoðum EU-25<sup>2</sup> löndin eru nú um sex milljónum fleiri á aldrinum 65 ára og eldri heldur en börn 14 ára og yngri. Árið 1980 var þessu öfugt farið því þá voru börnin 36 milljónum fleiri. Í Þýskalandi, Búlgaríu, Slóveníu og Ítalíu er einn af hverjum átta undir 14 ára aldri sem er aðeins um 14% þjóðarinnar. Þýskaland og Ítalía eru einnig með hæsta hlutfall eldri borgara (65 ára og eldri) eða einn af hverjum fimm svo þessi lönd þyrftu að auka fæðingartíðni sína til að viðhalda eðlilegri aldursþróun. Írland, Frakkland, Danmörk og Lúxemborg eru aftur á móti betur sett því þar er einn af hverjum fimm undir 14 ára aldri eða um 20% þjóðarinnar. Írland bætir um betur með því að vera einnig með lægstu prósentuna af eldri borgurum, einn af hverjum níu er yfir 65 ára sem gerir um 11% (*Institute for Family Policies, 2008*).


Samevrópska hagstofan *Eurostat* spáir fyrir um þá lýðfræðilegu aldursþróun sem mun eiga sér stað næstu árin. Svokallaður aldursþýramídi sem á að vera breiðastur neðst með yngstu aldurshópana en minnstur efst þar sem hinir

---

<sup>1</sup> EU – 27: Þjóðir sem hafa tilheyrt Evrópusambandinu frá 01.01.2007: Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

<sup>2</sup> EU – 25: Þjóðir sem hafa tilheyrt Evrópusambandinu 01.05.2004 – 31.12.2006: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Pólland, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.


elstu eru, verður í raun tígullaga. Ef horft er til aldursþróunar í Evrópu árin 2005 og svo 2050 þá mun fjölga í hópi aldraðra en fækka í hópi ungs fólks. Þetta þýðir meðal annars að fjöldi þeirra sem eru starfandi í þjóðfélagi fer minnkandi. Með því að skoða aldurspýramídana á mynd 1.2 og 1.3 hér fyrir neðan má sjá hvert stefnir ef ekkert breytist (*Institute for Family Policy, 2008; The life of women and men in Europe, 2008c*).



Heimild: *The life of women and men in Europe, 2008c*, bls.18.

### Mynd 1.2 Hlutfallsleg aldursdreifing árið 2005 í löndum EU – 25

Á árinu 2005 var strax byrjað að gæta lýðfræðilegra breytinga í aldursamsetningu evrópskra þjóða. Langtímaspár samevrópsku hagstofunnar *Eurostat* benda til þess að árið 2025 verði enn hlutfallslega jafn mikið af konum og körlum á atvinnumarkaði en saman mun atvinna þeirra skila smærri sneið til Evrópubúa. Haldi þessi þróun svona áfram spáir *Eurostat* því að árið 2050 verði hluti þeirra sem er á atvinnumarkaði kominn niður í 57% en árið 2005 mældist hann 67% (*The life of women and men in Europe, 2008c*).



Heimild: *The life of women and men in Europe*, 2008c, bls.18.

### Mynd 1.3 Hlutfallsleg aldursdreifing árið 2050 í löndum EU-25

Í framhaldi af þessu má skoða fæðingartíðni í Evrópu en hún er mikið áhyggjuefni fræðimanna og ekki síður stjórnvalda. Samkvæmt skýrslu *Institute for Family Policies* (2008) er hún orðin hættulega lág því um milljón færri börn fæddust árið 2007 samanborið við árið 1980. Til að viðhalda mannfjölda í lengri tíma er yfirleitt miðað við að frjósemi þurfi að vera 2,1 barn (Hagstofa Íslands, 2004b; *The life of women and men in Europe*, 2008c). Árið 2008 var meðaltíðni fæðinga í Evrópu (EU-25) 1,56 sem er talið of lágt en á meðan mælast Bandaríkin með fæðingartíðnina 2,09. Árið 1983 mældust Evrópa og Bandaríkin með svipaða fæðingartíðni (1,8) en smám saman hafa Bandaríkin tekið forskotið og eftir sitja löndin í Evrópu með fæðingartíðni allt niður í 1,24. Árið 1980 var fæðingartíðnin á Spáni 2,20 en mældist aftur á móti 1,38 árið 2006 sem er eftirtektarvert. Ísland mældist 2,48 árið 1980 en lækkaði niður í 2,08 árið 2006 og hefur haldið sig þar. Ef öll lönd Evrópusambandsins (EU-27) sem og lönd EFTA (*European Free Trade Association*) sem eru Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein, eru tekin saman þá mælist Ísland með hæstu fæðingartíðnina. Frakkar mælast næstir með 2,00 í fæðingartíðni og á Írlandi mælist fæðingartíðnin 1,93 (*Institute for Family Policies*, 2008; *Living conditions in Europe*, 2008b).

Það hefur einnig sýnt sig að fólk nú til dags kýs að eignast fjölskyldu mun síðar á lífsleiðinni en áður. Konur eru um þrítugt þegar þær kjósa að eignast sitt fyrsta barn en árið 1980 voru þær rétt rúmlega 27 ára. Spænskar konur eru komnar á fertugsaldurinn þegar þær eignast sitt fyrsta barn og verma því fyrsta sætið (Sama heimild). Árið 2003 var meðalaldur íslenskra kvenna við fæðingu fyrsta barns 26,0 ár (Hagstofa Íslands, 2004a).

Fóstureyðingar eru líka afar algengar í Evrópu (EU-27). Á 27 sekúndna fresti er framkvæmd fóstureyðing sem samsvarar 133 fóstureyðingum á klukkustund og tæplega 1,2 milljörðum fóstureyðinga á ári. Jafngildir það heilu landi eins og Lúxemborg eða Möltu en þessar tölur gera það að verkum að fóstureyðingar eru helsta dánarorsök Evrópu. Það eru þó aðeins sex lönd sem eiga hér hlut að máli því 77% allra fóstureyðinga í Evrópu eru framkvæmdar í Frakklandi, Bretlandi, Rúmeníu, Ítalíu, Þýskaland og á Spáni. Á Spáni hefur fóstureyðingum fjölgað hvað mest eða um 99%. Á hverjum degi eru framkvæmdar 278 fóstureyðingar sem gera 12 fóstureyðingar á einni klukkustund. Tíðni fóstureyðinga á Íslandi hafa aukist undanfarin ár og voru flestar árið 2000 eða 987 talsins (Hagstofa Íslands, 2004a; *Institute for Family Policy*, 2008; *Instituto de política familiar*, 2007a).

### **1.5 Giftingum fækkar og skilnuðum fjölgar**

Það hefur orðið talsverð fækkun í fjölda giftinga í Evrópu undanfarin 30 ár. Nú eru um 25% færri giftingar samanborið við fjölda giftinga árið 1980. Fólk kýs síður að gifta sig og á sama tíma giftir það sig seinna. Skilnaðir hafa aukist í Evrópu allri og árið 2008 voru rúmlega ein milljón skilnaða sem þýðir einn skilnaður á mínútu. Þýskaland, Bretland, Frakkland og Spánn eru með hæstu skilnaðartíðni Evrópulandanna (EU-27) en fyrir hver þrjú hjónabönd enda tvö þeirra með skilnaði. Á tíu árum hafa skilnaðir aukist um 290% á Spáni en það má meðal annars rekja til nýrrar löggjafar sem auðveldar skilnað. Hjónabandið endist að meðaltali í um 13 ár en Ítölum tekst að varðveita hjónaband sitt lengst eða 16,8 ár (*Institute for Family Policy*, 2008). Skilnaðartíðni hefur verið vaxandi þáttur í mótun fjölskyldna þar sem aðeins eitt foreldri er til staðar. Það form var alls ekki óþekkt á árum áður en þá voru forsendur allt aðrar. Á 19. öld til að mynda voru

lífslíkur lægri og konur létust af barnsförum. Eins og fram hefur komið fjölga einstæðum foreldrum í Evrópu en stór hluti þeirra eru einstæðar mæður sem eru efnahagslega verr staddar en feður. Oft á tíðum finna þær þó annan lífsförunaut og giftast á nýjan leik. Það sama á við um einstæða feður en þeir eru oftast fljótari að stofna nýja fjölskyldu. Þarna myndast enn eitt form fjölskyldunnar þar sem einstæðir foreldrar giftast á nýjan leik, börn úr fyrra hjónabandi eignast stjúpforeldri, stjúpsystkini og jafnvel oftast en ekki hálfbróður eða systur (Barbagli og Kertzer, 2003).

## 1.6 Hlutverk kvenna breytist

Í byrjun 20. aldar var móðurhlutverkið stór hluti af lífi kvenna og var það sterklega tengt hjónabandi. Það fjölgaði fljótt í fjölskyldunni eftir giftingu og konur réðu litlu um sínar þunganir. Þær reyndu að hafa hemil á þeim með langri brjóstagjöf og vonuðu þannig að lengra liði á milli fæðinga. Á þessum tíma var móðurhlutverkið órjúfanlegur hluti í lífi kvenna. Meðalaldur þeirra var um 50 ár en meðganga og uppeldi barna rúmaði um helming af ævi kvenna. Um 1970 höfðu aðstæður þeirra breyst töluvert. Meðalaldur hækkaði upp í 75 ár og sá tími sem var ætlaður barneignum og uppeldi var kominn niður í 18 ár. Að auki gátu konur stjórnað þungun sinni mun betur en áður. Bylting varð í getnaðarvörnum og fóstureyðingum sem gerði konum kleift að fæða aðeins þau börn sem þær kærðu sig um. Fyrir vikið sköpuðust tækifæri til menntunar og atvinnutækifæri jukust og þannig byrjuðu konur að móta móðurhlutverkið á nýjan hátt. Konur fóru að takmarka fjölda barna og stjórna því hversu langt liði á milli getnaðar. Tveggja barna fjölskylduformið varð staðreynd. Þessi grundvallaratriði gjörbreyttu lífi kvenna og opnuðu glugga fyrir giftar konur að halda áfram á atvinnumarkaði, koma aftur í vinnu eða elta aðra drauma fljótlega eftir að börn þeirra voru komin á grunnskólaaldur. Konur urðu mun virkari þátttakendur á atvinnumarkaði eftir fæðingu fyrsta og annars barns en á þessum tíma voru laun kvenna í Evrópu allri lægri en laun karla (Barbagli og Kertzer, 2003).

Í síauknu mæli kjósa evrópskar konur að fresta fæðingu fyrsta barns. Á tímum seinni heimsstyrjaldar eignuðust konur börn um 23 – 24 ára en frá 1970 hækkaði aldur þeirra og er núna, eins og fram kom í kafla 1.4, um þrítugt. Þessi

seinkun er sterklega tengd aukinni menntun kvenna því aukin menntun kallar á öflugari starfsferil. Þetta gerir það að verkum að sífellt fleiri konur finna sig í þeirri stöðu að þurfa að velja á milli barnsburðar og starfsferils. Sé horft til meðalaldurs kvenna hvað þetta varðar má áætla að konur kjósi starfsferil sinn fram yfir móðurhlutverkið og að gildum þeirra varðandi fjölskyldu séu breytt. Svo þarf ekki að vera, ástæðurnar geta verið margvíslegar og má þar nefna samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs (Barbagli og Kertzer, 2003; *The life of women and men in Europe*, 2008c).

### 1.7 Lykiltölur um Ísland og Spán

Áður en haldið verður lengra er nauðsynlegt að veita nokkrum lykiltölum um Ísland og Spán athygli. Þannig skapast grunnur til að bera löndin saman og athuga hvað greinir þau að. Löndin eru án efa ólík og hafa farið ólíkar leiðir í að móta fjölskyldustefnu sína í gegnum árin.

Til að byrja með er atvinnuþátttaka landanna misjöfn. Á Íslandi tíðkast að bæði kynin vinni langan vinnudag á meðan vinnudagur Spánverja er styttri. Á árunum 2000 – 2001 unnu íslenskar konur að meðaltali um 35,7 stundir á viku og karlar um 50 stundir (Hagstofa Íslands, 2009a). Á sama tíma unnu spænskar konur að meðaltali 31 vinnustund á meðan karlar unnu 43 vinnustundir. Árið 2002 voru um 81,8% íslenskra kvenna á vinnumarkaðinum en aðeins 52,9% spænskra kvenna. Að sama skapi voru um 90,6% íslenskra karla á vinnumarkaði á meðan 79,4% spænskra karla sóttu hann. Mikil atvinnuþátttaka á Íslandi setur mark sitt á fjölskyldulíf þjóðarinnar (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004a; Williams, 2007).

Árið 2003 var meðalaldur íslenskra kvenna við fæðingu fyrsta barns 26,0 ár en meðalaldur spænskra kvenna var rúm 29 ár. Árið 1990 eignuðust þær börn fyrr, íslenskar konur um 24 ára og spænskar konur um 27 ára (Hagstofa Íslands, 2004a; *The life of women and men in Europe*, 2008c).

**Tafla 1.3 Börn í dagvistun árið 2002 - hlutfall eftir aldursflokkum**

	<i>Ísland</i>	<i>Spánn</i>
<i>Yngri en 1 árs</i>	9,7	1,7
<i>1 árs</i>	49,2	7,4
<i>2 ára</i>	83,9	17,3
<i>3 ára</i>	93	88,4
<i>4 ára</i>	93,7	88,6
<i>5 ára</i>	91,5	88,6

Heimild: Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004a: bls.8.

Fæðingarorlof landanna eru mjög frábrugðin. Ísland hefur kosið að fara þá leið sem tryggir báðum foreldrum rétt til að umgangast barn sitt. Árið 2001 voru lög samþykkt á Alþingi sem veittu feðrum rétt til að taka sér feðraorlof í einn mánuð en árið 2003 voru mánuðirnir orðnir þrír. Að mati Þorgerðar Einarsdóttur og Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2004a) er þetta lengsta feðraorlof sem þekktist í heiminum. Þær telja að Íslendingar mega vera stoltir af þessu framtaki til aukins jafnréttis kynjanna. Spánn hefur farið svipaða leið en ekki eins víðtæka. Í töflu 1.4 má bera saman íslenska og spænska fæðingarorlofið (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000; Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004a; 2004b).

**Tafla 1.4 Mæðra- og feðraorlof á Íslandi og Spáni**

	<i>Ísland</i>	<i>Spánn</i>
<i>Leyfi móður fyrir fæðingu barns</i>	1 mánuður	10 vikur
<i>Leyfi móður eftir fæðingu barns</i>	3 mánuðir	6 vikur
<i>Leyfi föður eftir fæðingu barns</i>	3 mánuðir	2 dagar
<i>Leyfi foreldra til að skipta á milli sín</i>	3 mánuðir	10 vikur
<i>Fjárhagslegar bætur</i>	80% launa greidd	100% launa greidd
<i>Réttur til sveigjanleika</i>	Já	Já
<i>Réttur foreldra til að samnýta orlof</i>	Já	Já
<i>Einkaréttur móður til orlofs</i>	3 mánuðir	Enginn
<i>Einkaréttur föður til orlofs</i>	3 mánuðir	Enginn
<i>Heildarlengd orlofs</i>	9 mánuðir	16 vikur

Heimild: Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004a: bls.9.

Í töflunni sést að íslenskir foreldrar hafa jafnari tækifæri til að umgangast barn sitt á fyrstu árum þess. Lengd orlofsins er níu mánuðir; þrír mánuðir eru sérstaklega merktir móður, þrír mánuðir eru sérstaklega merktir föður og þrír mánuðir eru til




að skiptana. Spænska orlofið er aðeins 16 vikur; sex vikur eru ætlaðar móður og tveir dagar eru ætlaðir föður og tíu vikum geta þau skipt á milli sín. Sú hefð hefur myndast á Spáni að stórfjölskyldan taki virkan þátt í uppeldi barna og því geta barnafjölskyldur treyst á hana til stuðnings (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004a).

Dagvistunarúrræði eru frábrugðin á milli landanna en í töflu 1.3 má sjá muninn. Stór hluti íslenskra barna er komin í dagvistun á unga aldri á meðan innan við 20% spænskra barna, tveggja ára og yngri, eru í dagvistun. Það er ekki fyrr en við þriggja ára aldurinn sem breyting verður á hjá spænskum börnum en þá eru um 88% barna komin í dagvistun. Þennan mun má útskýra með algjörri niðurgreiðslu spænska ríkisins á menntun fyrir börn þriggja ára og eldri (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004a).

Á Spáni ríkja rötgróin gildi varðandi hlutverk fjölskyldu og kynja. Spánverjar trúa því að konur hafi sterkari eðlishvöt en karlar, til að verða betra foreldri. Þeir leggja ríka áherslu á að mæður annist börnin á meðan feður sjá um að afla tekna og er það almenn skoðun þjóðarinnar að börn hljóti skaða af ef mæður eru útivinnandi. Hér má því sjá beina afleiðingu rötgróinna gilda á atvinnuþátttöku spænskra kvenna. Gildi íslensku þjóðarinnar er varðar hlutverk fjölskyldu og kynja er líka sterk. Þar eru skoðanir sterklega litaðar þeirri trú að konur og karlar sinni ákveðnum kynhlutverkum og að það sé þeim eðlislægt. Er þetta skoðun beggja kynja (Sama heimild).

Í bókinni *Human Values and Beliefs* (2001) kynnir stjórn málafræðingurinn Ronald Inglehart og félagar hans niðurstöður sínar um félagsleg, pólitísk og menningarleg viðhorf í heiminum. Bókin er samansafn tölfræðilegra gagna og er í raun ein veraldleg könnun sem var gerð á árunum 1990 – 1993. Svipað og í könnun Williams í kafla 1.2 um lífsfyllingu spyrja höfundar hversu mikilvægir vissir þættir séu í lífi fólks. Valmöguleikarnir eru: fjölskyldan, vinnan, vinirnir, tómstundir, trúarbrögð og stjórn mála. Fjölskyldan á hug og hjörtu aðspurðra í 83% tilvika, vinnan í 60% tilvika og vinir í 40% tilvika. Ef þáttur fjölskyldunnar er skoðaður betur telja 91% aðspurðra Íslendinga fjölskylduna mjög mikilvæga en 82% aðspurðra Spánverja. Einnig er spurt hvort hjónaband sé úrelt stofnun og svarhlutfallið skiptist þannig að 86% aðspurðra svara neitandi og 14% svara játandi. Á þessum svörum má gefa sér að þrátt fyrir breyttar aðstæður fólks þá finnst því hjónabandið ekki úrelt. Sé hins vegar litið til svara einstakra landa þá

var 17% aðspurðra Spánverja sammála því að hjónabandið væri úrelt stofnun en aðeins 6% aðspurðra Íslendinga. Þarna er greinilegur skoðanamunur á milli landanna. Svo hjónaband virki telja þjóðirnar að vissir þættir hafi áhrif og á mynd 1.4 má sjá hvernig þær meta þá þætti sem voru teknir fyrir í könnun Inglehart og féлага.



Heimild: Inglehart, Basañez og Moreno, 2001, V 198-210.

#### Mynd 1.4 Hvað gerir hjónaband farsælt?

Samkvæmt mynd 1.4 telja Íslendingar gagnkvæma virðingu, að vera trúr maka sínum, skilning og þolinmæði vera mikilvægastu þættirnir í farsælu hjónabandi. Allir þessir þættir veiga meira en 80%. Hjá Spánverjum gilda sömu þættir en ekki jafn mikið og hjá Íslendingum, að vera trúr vegur meira en gagnkvæm virðing. Þættir eins og börn, fullnægjandi tekjur, sameiginleg áhugamál, gott húsnæði og sama trú eru Spánverjum mikilvægir, örlítið meira en hjá Íslendingum. Höfundar spyrja einnig hverjar skoðanir fólks eru hvað einstæðar mæður varðar. Spurningin er svo hljóðandi: „Ef kona kýs að vera einstæð móðir en ekki að eiga stöðugt samband við barnsföður, værir þú sammála því eða ekki?“. Svörin eru áhugaverð en 84% aðspurðra Íslendinga líkar það val konunnar að verða einstæð móðir. Svörun Íslands í þessari spurningu mældist lang hæst, en 41 þjóð hafa lægri

svörun. Í öðru sæti koma Danir með 67% svarhlutfall en í þriðja sæti sitja Spánverjar með 65% svörun. Loks spyrja höfundar hvort viðkomandi trúir á Guð. Þar er Ísland og Spánn á mjög svipuðum nótum, Spánverjar svara 86% játandi á meðan Íslendingar svara 85% játandi. Ef spurt er nánar hvað viðkomandi telji Guð vera þá telja 51% aðspurðra Íslendinga hann vera í líki persónu og 49% aðspurðra Spánverja. Um 48% aðspurðra Spánverja telja Guð mjög mikilvægan í lífi sínu og 47% aðspurðra Íslendinga.

Sé horft til þeirra þátta sem hér hafa verið nefndir má segja að Íslendingar telji fjölskylduna mjög mikilvæga. Þeir telja hjónabandið ekki úrelt, telja gagnkvæma virðingu, trúnað og þolinmæði mikilvæga í farsælu hjónabandi og þeir eru hlynntir því að konur kjósi það að vera einstæðar mæður. Þeir trúa á Guð og telja hann tiltölulega mikilvægan í lífi sínu. Spánverjar telja fjölskylduna ekki jafn mikilvæga eins og Íslendingar gera. Fleirum finnst hjónabandið úrelt stofnun en þeir vege svipaða þætti til farsæls hjónabands þótt þættir eins og börn, fullnægjandi tekjur, sameiginleg áhugamál, gott húsnæði og sama trú skipti þá meira máli. Þeir eru minna hrifnir af þeirri hugmynd að konur kjósi sér að verða einstæðar mæður, þeir trúa á Guð, telja hann einnig vera í mannsmynd og telja hann mikilvægan í lífi sínu (Inglehart, Basañez og Moreno, 2001).

## 2. Spænska fjölskyldan

Fjölskyldan er sú stofnun sem Spánverjar kunna hvað best að meta samkvæmt rannsókn *Centre for Sociological Research (C.I.S.)* frá árinu 2004. Þeir taka hana fram yfir stofnanir eins og atvinnu, stjórnsmál, tómstundir, vini, peninga og jafnvel trúna (Platero, 2007). En fjölskyldugildi virðast vera að breytast. Núverandi ríkisstjórn hefur gripið í taumana og skipt út aldagömlum hefðum kirkjunnar og áður ríkjandi stjórnarfyrikomulagi, fyrir ný og frjálsslyndari gildi. Þetta hefur farið fyrir brjóstið á mörgum og þá aðallega kaþólsku kirkjunni sem telur að sitjandi ríkisstjórn vilji steypa fjölskyldunni og gildum hennar um koll. Hluti Spánverja kalla sig nú til dags *Catolico, pero no practicante* sem þýðir að þeir telja sig vera kaþólska en ekki trúrækna sem sýnir þá breytingu sem hefur orðið á spænsku samfélagi. Um 80% Spánverja telja sig vera kaþólikka en aðeins um 25% sækja kirkju vikulega (BirdJeff, Walker og Zaldua, 2005; *Centro de Investigaciones Sociológicas*, 2008). Landið hefur gengist undir gríðarlegar breytingar á undanförunum 30 árum sem og önnur evrópsk lönd hvað fjölskyldu- og trúgildi varðar (BirdJeff, o.fl., 2005).

Hér verður litið yfir sögu hjónabands- og skilnaðarlaga og hvernig spænskar fjölskyldur komust lífs af á íhaldssömum árum herforingjans Francisco Franco og fram til dagsins í dag. Einnig verður litið til þeirra pólitísku breytinga sem hafa orðið í landinu frá árinu 2004 er vinstri sinnuð ríkisstjórn komst til valda og raskaði þar með ró kaþólsku kirkjunnar sem hafði setið örugg á valdastól sínum frá árinu 1939.

### 2.1 Saga laga um hjónabönd og skilnaði á Spáni

Til að skilja sögu skilnaðar- og hjónabandslaga á Spáni er nauðsynlegt að fara aftur til ársins 1889. Það ár er Spánn skilgreint sem kaþólskt ríki í stjórnarskrá landsins og upp frá því var til tvenns konar hjónaband í landinu; skírðum kaþólikkum bar skylda til að ganga í hjónaband undir nafni kirkjunnar en borgararlegt hjónaband var eingöngu ætlað þeim sem ekki voru kaþólskir. Að auki gátu dómstólar prestanna efast um réttmæti hjónabandsins en ríkinu var gefið takmarkað vald og sá því aðeins um borgaralega giftingu (Platero, 2007). Spánverjar eignuðust margar stjórnarskrár á 19. og 20. öldinni en í stjórnarskránni

frá 1931 urðu tímamót. Konum var veittur réttur til að kjósa, borgararleg réttindi voru aukin og þar á meðal voru framsækin skilnaðarlög sett á laggirnar. Þessu til viðbótar var samband ríkis og kirkju aðskilið, auðæfi kirkjunnar voru takmörkuð og yfirráð kirkjunnar yfir menntun landsins voru dregin tilbaka. Vægast sagt mikið áfall fyrir kirkjuna sem alla tíð hafði gegnt vegamiklu hlutverki í landinu (Carr, 2000).

Árið 1932 urðu í fyrsta skipti til ósvikin skilnaðarlög (*Ley de Divorcio*) þar sem hægt var að giftast aftur eftir skilnað og jafnrétti ríkti milli hjóna (Schubert, 1990). Líftími þessara laga og jafnréttishugsjóna var þó stuttur því árið 1939 komst herforinginn Francisco Franco til valda í lok spænsku borgarastyrjaldarinnar. Framundan voru 36 ár pólitískra, efnahagslegra og félagslegra umbyltinga á Spáni (Junco og Shubert, 2000; Casals, 2002). Franco, sem gekk undir nafninu *Caudillo* eða höfðinginn, hafði öflugan liðsheild sér að baki því herinn, samtök falangista (*Falange Española*) og kaþólska kirkjan stóðu þétt við bak hans. Hugmyndafræði hans var mjög íhaldssöm en hann vildi hreinsa landið af spilltum hugmyndum svo það mundi öðlast sitt sanna sjálf aftur. Einkenni þjóðarinnar áttu að byggjast á karllægum viðhorfum, sterkum hernaði og öflugri prestastétt en á sama tíma vera alþjóðlegt land velfarnaðar og hamingju (Carr, 2000; Junco o.fl., 2000). Franco ákvað að verðlauna kirkjuna fyrir dyggan stuðning og ógilti skilnaðarlögin frá 1932. Tóku nú við rúmfríur fjórir áratugir þar sem ekki var hægt að fá hjónaskilnað á Spáni. Skilnaður og borgaraleg gifting voru einfaldlega bönnuð, aðskilin hjón voru neydd saman aftur með hótunum um refsingu og þau hjón sem töldu sig hafa verið gift með borgaralegri athöfn komust að því að þau voru það ekki lengur. Stjórnarfyrikomulag Francos endurvakti einnig gömul lög frá 1889 þar sem karlmönnum voru gefin viss yfirráð yfir heimilishaldinu og í raun yfir allri fjölskyldunni (Schubert, 1990). Karlmaðurinn var höfuð fjölskyldunnar eða *cabeza de la familia* og var einnig tákn fjölskyldunnar út á við. Allar kynferðislegar athafnir, sem að sjálfsögðu áttu einungis að vera iðkaðar innan kaþólsks hjónabands, voru undir ströngu eftirliti karlmannna. Þeir gátu refsað konum með líkamlegu ofbeldi fyrir hjúskaparbrot eða kynferðissamband utan hjónabands, en sjálfir þurftu þeir ekki að bera ábyrgð á sínum eigin gjörðum. Samkvæmt þessum lögum gátu feður myrt ógiftar dætur sínar og eiginmenn eiginkonur sínar ef þær höfðu varpað skugga á fjölskylduna eða smánað hana á annan hátt. Þetta stjórnarfyrikomulag kallaði þó á að hegðun

karlmannanna í landinu sýndi af sér mikla karlmennskuímynd. Þeir áttu að vera sterkir, stjórnsamir, þróttmiklir og landi sínu á allan hátt til sóma. Þannig var ekkert pláss fyrir samkynhneigða karlmenn (það var ekki gert ráð fyrir því að samkynhneigðar konur væru yfir höfuð til) og var samkynhneigð því bæld niður á ofsafengin hátt. Má þar nefna morðið á Federico García Lorca (1898 – 1936), einu frægasta leik- og ljóðaskáldi Spánar á sínum tíma (Grugel og Rees, 1997; Schubert, 1990). Lorca var aðeins 38 ára gamall þegar hann var myrtur í byrjun borgarastyrjaldarinnar. Hann hafði gefið út fjöldann allan af ljóðum og leikritum sem voru talin mjög frumleg en hann var umdeildur því verk hans voru talin árás á spænsk, hefðbundin gildi. Þar með var hann sérstök ógn við fasisma og allt sem Franco stóð fyrir. Hann var samkynhneigður, hann gagnrýndi barnslegt lýðræði landsins og samúð hans var með vinstri sinnuðum. Í kjölfar morðsins voru öll hans verk bönnuð og það var líka bannað að nefna nafn hans allt til ársins 1971. Minnisvarði hans í Granada, þar sem hann var fæddur, þykir sérstaklega heillandi. Heimamenn sem og ferðamenn hafa myndað kross í jörðina með steinum þar sem hann er talinn hafa verið skotinn og inná milli liggja afrit af verkum hans (MacShane, 2006).

Á valdatíma Francos voru spænskar konur sendar aftur til tíma hefðbundinna og íhaldsamra kvenhlutverka. Þar bar þeim skylda til, eftir lögum sem voru kölluð *permiso marital*, að vera hin fullkomna kona. Öll réttindi sem þær höfðu fengið á árum áður voru nú afturkölluð. Sérstök samtök, *Sección Femenina* voru stofnuð árið 1934 en þar hlutu konur þjálfun í hlutverkum sínum sem eiginkonur og mæður. Þeim bar að taka hlutverk sitt alvarlega og áttu þær að helga líf sitt hjónabandinu og móðurhlutverkinu, þær áttu að vera *la casada perfecta*, hin fullkomna eiginkona. Að auki bar þeim að innleiða kaþólska trú, ást og virðingu fyrir karlmönnum á heimilum sínum. Ef þær áttu einhverjar eignir var þeim stjórnað af karlmönnum, þá feðrum þeirra, eiginmönnum eða bræðrum (Platero, 2007; Grugel, o.fl., 1997). En þær gáfust ekki upp hljóðalaust. Spænskar konur mótmæltu og neituðu að hegða sér eftir fastheldnum lögum ríkisvaldsins. Þær voru virkar í mótmælahreyfingum, til að mynda í stúdentahreyfingum, feminískum samtökum og verkalýðsfélögum. Þær börðust fyrir pólitískum réttindum sínum og frelsi og létu þannig finna fyrir sér á 40 ára valdatíð Francos. Þær sóttust eftir endurvakningu feminísmans sem tengdi lýðræðisleg réttindi og menningu við kvenfrelsi (Junco o.fl., 2000).

Árið 1958 var stjórnarskráin endurskoðuð og þá voru leyfð tvenns konar hjónabönd; lögboðið kirkjulegt hjónaband ef annar makinn var kaþólskur og svo borgaralegt hjónaband ætlað þeim sem ekki voru kaþólskir (Platero, 2007). Konur fengu réttindi sín einnig smám saman til baka, í þessari stjórnarskrá var hinn tvöfaldi staðall hjúskaparbrotu fjarlægður og skilgreiningin að heimilið væri eign karla var afnumin úr stjórnarskránni. Þremur árum síðar var jafnræði kynjanna á atvinnumarkaði orðið að veruleika, fyrir utan stofnanir eins og dómskerfið, herinn og verslunarflotann. Launajafnrétti var lögboðið og karlmenn höfðu ekki lengur rétt til að myrða dætur eða eiginkonur sínar til að vernda sinn eigin heiður. Þegar stutt var eftir af valdatíma Francos öðluðust konur réttindi sín aftur og fengu til að mynda að snúa aftur á vinnumarkaðinn án sérstaks leyfis frá eiginmönnum (Schubert, 1990).

Kirkjan stóð við bakið á Franco fram til ársins 1960 en upp frá því byrjuðu að heyrast efasemdarraddir frá nýrri kynslóð biskupa. Þeir fóru fram á aðskilnað ríkis og kirkju. Þeim fannst kirkjan ekki lengur standa við loforð sín um að hjálpa öllum þegnum landsins, ríkum sem fátækum. Stjórnskipulag Francos og samningur hans við kirkjuna gekk meðal annars út á það að vernda hina ríku en þetta voru nýju biskuparnir ekki sáttir við. Þeim fannst að það ætti að virða lýðræðið, meirihlutann og að verja þá fátæku og arðrændu fyrir grimmri ríkisstefnu Francos. Það verður svo loksins árið 1971 sem kaþólska kirkjan biður almenning um fyrirgefningu vegna hlutverks síns í borgarastyrjöldinni og biskupinn fer fram á aðskilnað kirkju og ríkis. Franco fellur frá árið 1975 eftir afar umdeilda og ofbeldisfulla valdatíð en fræðimenn segja að tímabilið eftir lát Francos hafi í raun og veru verið það áhugaverðasta í sögu Spánar (Junco o.fl., 2000).

Þann 27. desember 1978 eignuðust Spánverjar nýja lýðræðislega stjórnarskrá sem þingið samþykkti. Í henni er meðal annars gert ráð fyrir þingbundinni konungsstjórn, sterku sambandi milli ríkis og kirkju sem og heimastjórn héraða (Merino-Blanco, 1996). Með tilkomu stjórnarskrárinnar var einblínt enn frekar á jafnræði kynjanna og eignarhald manna á konum sínum var fjarlæggt úr lögum. Konur höfðu nú eitthvað að segja um uppeldi barna sinna og heimilishald (Schubert, 1990). Stjórnarskráin lýsti því yfir að konur og karlar gætu gengið í hjónaband með fullu lögræðislegu jafnrétti og loks árið 1981 var

skilnaður (*Ley 30/1981*) leyfður að nýju, en með miklum mótmælum kaþólsku kirkjunnar (Casals, 2002).

## 2.2 Vinstrisinnuð ríkisstjórn kemst til valda

Það var svo árið 2004 sem *Partido Socialista Obrero Español* (P.S.O.E.) eða Sósíalístaflokkurinn komst aftur til valda. Flokkurinn hafði áður verið við völd 1982 – 1996, en þá tapaði hann fyrir hægri vængnum, *el Partido Popular* (PP) eða Þjóðarflokknum. Þessum 13 árum Sósíalístaflokksins hefur verið lýst sem tímabili þar sem mikill árangur hafi náðst en jafnframt fór margt úrskaiðis og hvert hneykslismálið af öðru kom við sögu flokksins á síðustu árum hans í stjórn. Hvað afrek varðar má nefna inngöngu landsins í Evrópusambandið (EU) en á hinn bóginn geysimikið atvinnuleysi á Spáni á þessum tíma (Junco o.fl., 2000; Bogi Þór Arason, 2008).

Metkjörsókn var í kosningunum árið 2004 (75,7%) en margir halda að sprengjuárás á lestarkefni Madrídborgar þremur dögum fyrir kjördag hafi átt stóran þátt í óvæntum sigri Sósíalístaflokksins. Þáverandi ríkisstjórn Þjóðarflokksins taldi að aðskilnaðarhreyfing Baska, ETA, hefði staðið fyrir sprengingunni þrátt fyrir skýrar vísbendingar um að íslamskir öfgamenn hefðu framið verkið til að mótmæla veru spænska hersins í Írak. Alls biðu 191 maður bana í þessari sprengingu og strax eftir kosningar kallaði Sósíalístaflokkurinn her sinn heim frá Írak (Bogi Þór Arason, 2008; Sciolino og Burnett, 2008).

Stefna nýju ríkisstjórnarinnar einkenndist strax af jöfnuði og var sú stefna gerð að forgangsatriði. Eitt fyrsta verk þessarar vinstristjórnar var að koma á nýrri löggjöf í landinu gegn heimilisofbeldi (*Ley Orgánica 1/2004*) en konur höfðu háð erfiða baráttu við að sækja rétt sinn til dómkerfisins fram að þessu (Platero, 2007). Raunin var sú að heimilisofbeldi var ekki viðurkennt sem vandamál á Spáni heldur var það hunsað af almenningi sem og réttarkerfinu sjálfu. Með nýjum lögum og áherslum hafa fjárframlög til kvennaathvarfa verið aukin ásamt því að dómarar, lögreglumenn, lækna og sálfræðingar hljóta sérstaka þjálfun í að þekkja og bregðast við heimilisofbeldi. Til að vekja enn meiri athygli á heimilisofbeldi hefur herferð um málefnið verið komið á fót í menntakerfinu. José Luis Rodríguez Zapatero, forsætisráðherra landsins og sjálfskipaður feministi hefur gert þjóð sinni



ljóst að jöfnuður er hans hitamál. Helmingur í ríkisstjórn hans er skipaður konum og sósíalistar vilja að lögum verði komið á þar sem skylda er að 50% kvenna verði á framboðslistum stjórn málaflakka. Ríkisstjórnin hyggst einnig afnema þau aldagömlu lög að kvenmaður geti ekki erfð krúnu konungs (Loewenberg, 2004). Zapatero hefur verið kallaður sá þjóðarleiðtogi Spánar sem aukið hefur mest réttindi almennings þar í landi (Sciolino o.fl., 2008).

Árið 2005 lagði ríkisstjórnin til nýja löggjöf (*Ley 13/2005*) sem leyfði samkynhneigðu fólki meðal annars að ganga í hjónaband og að ættleiða börn. Löggjöfin auðveldar fólki einnig að sækja um skilnað sem hefur verið mjög torvelt á Spáni eins og áður er getið. Þessi nýja löggjöf gengur oft á tíðum undir nafninu *divorcio express* og hún á að vera fljótverkari og auðveldari í framkvæmd og er þá sérstaklega horft til þeirra kvenna sem hafa mátt þola ofbeldi eiginmanna sinna í áraraðir og hafa ekkert getað aðhafst (Casals, 2002). Á þeim fjórum árum sem ríkisstjórn Zapatero hefur verið við stjórn hefur henni tekist að koma Spáni í hóp frjálslyndra landa í Evrópu. Mikilvæg samfélagsmál hafa verið í brennidepli og fengið verðskuldaða athygli. Honum hefur sem sagt tekist að breyta íhaldssamri stjórnarstefnu til frjálslyndra og nútímalegra stjórnarháttanna (Loewenberg, 2004).

Kosið var að nýju þann 9. mars 2008 og vann Sósíalístaflokkurinn þá með naumum meirihluta, fékk 43,7% á móti 40,1% Þjóðarflokksins. Kjörsókn var 75,4%. Kosningarnar voru enn og aftur málaðar rauðu blóði því sagan endurtók sig, stjórn mála maður úr röðum Baska var myrtur degi fyrir kosningar og talið var að ETA hafi komið þar við sögu. Maðurinn var fyrrverandi bæjarfulltrúi sósíalista og dóttir hans flutti tilfinningaþrungnið ávarp daginn fyrir kosningarnar sem vakti mikla samúð á meðal almennings. Í ávarpinu hvatti hún almenning til að sýna samstöðu gegn hryðjuverkamönnum með því að láta sig ekki vanta við kjörborðið. Hægrisinnaðir fjölmiðlar landsins kepptust við að gagnrýna ávarp og áskorun dótturinnar og vildu meina að þetta yrði Sósíalístaflokknum til framdráttar (Bogi Þór Arason, 2008; Sciolino o.fl., 2008). Að morgni 12. apríl 2008 kynnti José Luis Rodríguez Zapatero, forsætisráðherra landsins, nýja ríkisstjórn sína fyrir konungi Spánar. Ríkisstjórn hans brýtur blað í sögu Spánar þar sem í fyrsta skipti eru fleiri konur en karlmenn í ríkisstjórn landsins og kona var valin varnarmálaráðherra (Aizpeolea og Díez, 2008).

Sósíalístaflokkurinn mætir mikilli gagnrýni frá *el Partido Popular* sem álitur að sósíalistar séu að sigla frá sigildum spænskum gildum og með þessu áframhaldi muni gjörðir hans leiða landið til glötunar. Þessu til viðbótar hafi flokkurinn ekki bætt stöðu ungs fólks, leiguverð sé enn of hátt, laun í landinu séu of lág og tala innflytjenda fari sívaxandi svo eitthvað sé nefnt (Sciolino, o.fl., 2008; Bogi Þór Arason, 2008).

### 2.3 Eftirsjá kaþólsku kirkjunnar

Það eru ekki mörg lönd sem hafa verið í svo nánu sambandi við kaþólsku kirkjuna eins og Spánn hefur verið og í raun hafa þau verið óaðskiljanleg, trúin hefur einfaldlega verið kjarni landsins (Schubert, 1990). Völd kaþólsku kirkjunnar hafa oftast haldist í hendur við það stjórnarfyrikkomulag sem ríkti á Spáni en landið hefur verið þekkt fyrir íhaldssama fjölskyldustefnu og þar hefur kirkjan gegnt stóru hlutverki. Að mati Ármanns Snævarr (2008) hefur kaþólska kirkjan haft geysimikil áhrif á þróun hjúskaparlöggjafar kaþólskra ríkja. Íhaldssamar skoðanir kirkjunnar eru vel þekktar en vegna umtalsverðra samfélagsbreytinga stefnir Spánn nú hratt og örugglega að því að sameinast hópi frjálslyndra landa í Norður-Evrópu og kirkjan óttast mjög svo um hlutverk sitt (Loewenberg, 2004).

Nú í dag reynir kaþólska kirkjan að berjast gegn nýjum áherslum Sósíalístaflokksins. Á árunum 1996 – 2004 sat *el Partido Popular* við stjórnvölinn en flokkurinn var í mjög nánu samstarfi við kirkjuna og hluti af ráðamönnum ríkisstjórnarinnar voru meðlimir í trúarflokknum *Opus dei* (BirdJeff, o.fl., 2005). Það má því segja að samstarf þeirra hafi gengið afar vel og var kirkjan ánægð með þróun mála. Eins og fram hefur komið komst Sósíalístaflokkurinn til valda árið 2004 og hefur síðan heldur betur raskað ró kirkjunnar. Flokkurinn hefur umturnað landinu með nýjum lögum hvað giftingu samkynhneigðra varðar, rétt þeirra til ættleiðingar, fóstureyðingar og að auki hefur hann auðveldað skilnaðarferlið töluvert. Til að innsigla stefnu sína enn betur hefur flokkurinn takmarkað hlutverk kirkjunnar svo um munar og til að mynda er kaþólsk trú ekki lengur kennd í grunnskólum landsins. Það má því segja að um byltingu sé að ræða. Kirkjan telur sig vera undir árás núverandi ríkisstjórnar og berst á móti með öllum tiltækum

ráðum. Nú getur hún ekki lengur treyst á ríkið til að styðja fjölskyldugildi sín (Allen, 2005).

Kirkjan álitur að þessar breytingar á þjóðfélaginu leiði til óstöðugleika og að þetta sé ekkert annað en hrein árás á spænskar hefðir og tilraun til að brjóta spænskt samfélag niður. Reyndar hefur hún gengið svo langt að kalla lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra vírus í samfélaginu (Loewenberg, 2004; Purcell, 2005). Kirkjunnar menn telja enga aðra kirkju í Evrópu þjást jafn mikið og því þurfi þeir að berjast. Kirkjan hefur brugðið á það ráð að skipuleggja mótmæli í Madrid undir þeim formerkjum að vernda fjölskylduna (BirdJeff, o.fl., 2005).

Ríkisstjórnin telur hins vegar að kirkjan hafi aldrei komist yfir sambandslit sín við Franco og ljúfsár söknuður hennar eftir liðnum tíma risti djúpt (Allen, 2005). Hún þrái ekkert heitar en að tímar Franco heitins séu enn við lýði því staðreyndin sé sú að það hafi verið blómaskeið kaþólsku kirkjunnar. Völd kirkjunnar voru slík að reglugerðir er sneru að hjónaböndum, skilnuðum og fóstureyðingum voru í umsjá hennar og að auki skapaði hún menntastefnu skólanna (Junco o.fl., 2000). En eftir lát Francos og tilurð nýju stjórnarskrárinnar árið 1978 hefur opinberu hlutverki kirkjunnar hnignað.

Ríkisstjórn Zapateros hefur lýst því yfir að hún hafi ekkert á móti kaþólsku trúnni en á breyttum tímum í breyttu þjóðfélagi verði að taka tillit til fleiri trúmála og fjölskyldustefna. Kirkjan hafi sín gildi sem minnki ekkert við breyttar áherslur ríkisstjórnarinnar. Það sé einfaldlega val almennings hvort stefna kirkjunnar sé virt eða ekki (Platero, 2007).

### 3. Íslenska fjölskyldan

Það er óhætt að segja að miklar breytingar hafi átt sér stað á Íslandi undanfarna áratugi. Íslenskt samfélag hefur þróast frá því að vera einfalt bændasamfélag yfir í flókið neytlusamfélag og í kjölfarið hefur hlutverk íslenskra fjölskyldna breyst (Bragi Guðbrandsson, 1994; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Einkenni þeirra er langur vinnudagur kynjanna, mikil atvinnuþátttaka, sérstaklega meðal kvenna og lítið atvinnuleysi (Guðný Björk Eydal, 2004; Stefán Ólafsson, 1994) fram til ársins 2008 er efnahagslægð skall á landið. Skilnaðir hafa aukist og hlutfall einstæðra foreldra (af barnafjölskyldum) mælist hæst á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin eða 27%. Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku er hlutfall einstæðra foreldra 20%. Sífelld fleiri íslensk börn búa hjá öðru foreldri sínu og lifa því við kjör einnar fyrirvinnu. Oftast eru þetta einstæðar mæður eða í 92% tilvika samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands árið 2008 (Hagstofa Íslands 2008b; Harpa Njáls, 2006). Fjölskyldumenning þjóðarinnar tengist ekki eins sterkum böndum við þjóðkirkjuna eins og kaþólska kirkjan gerir á Spáni (Gallup, 2004) en íslenska kirkjan óttast um velferð fjölskyldunnar (Karl Sigurbjörnsson, 2005).

Til að byrja með verður rýnt í sögu íslensku fjölskyldunnar og þeirra breytinga sem hún hefur gengið í gegnum undanfarin ár. Því næst verður lítið á hjúskaparlög og skoðað verður hvernig Íslendingum gengur að samþætta fjölskyldu og atvinnu. Einnig verður fjallað um íslensku kirkjuna og viðhorf hennar til fjölskyldunnar.

#### 3.1 Saga íslensku fjölskyldunnar

Íslenskar fjölskyldur sluppu ekki við breytingar frekar en fjölskyldur í Evrópu. Breytingarnar hafa verið örar og hefur íslenskt samfélag gerbreyst úr bændasamfélagi yfir í iðnaðarsamfélag á aðeins einni öld. Samkvæmt stjórnmálafræðingnum Halldóri Grönvold (1994) einkenndust atvinnuhættir Íslendinga á 19. öld „af frumstæðum sjálfspurftarbúskap í landbúnaði“ (bls. 61). Um 1880 bjó innan við 10% landsmanna í þéttbýli en rúmlega 90% í dreifbýli. Fjölskyldan rúmaði að meðaltali 7,4 einstaklinga og ekki voru allir tengdir blóðböndum, vinnuhjú, lausafólk og ómagar tilheyrðu fjölskyldunni einnig. Hún

var grundvallarframleiðslueining sem sá alfarið um alla umönnun og uppeldi á fjölskyldumeðlimum (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1994).


Um aldamótin 1900 fór að örla á þéttbýlismyndun og framleiðslu fyrir markað. Íslenskt atvinnulíf blómstraði er sjávarútvegur, iðnaður og þjónusta fór stækkandi en landbúnaður sem hafði verið lifibrauð Íslendinga allt frá landnámi minnkaði. Þessi stakkaskipti urðu til þess að aðsetur landsmanna breyttust og þéttbýli mynduðust ört. Aðeins 3% landsmanna bjó í þéttbýli árið 1860, árið 1920 voru þeir 12% og um helmingur þjóðarinnar bjó í þéttbýli tíu árum seinna. Þegar hér er komið við sögu var íslenska fjölskyldan ekki lengur framleiðslueining heldur neyslueining (Sama heimild).

Til viðbótar voru sérhæfðar stofnanir farnar að sjá um þá sem þurftu einhvers konar aðhlyningu vegna sjúkdóma eða öldrunar. Ljóst er að þetta hafði breytingar í för með sér á verkefnum fjölskyldunnar (Sama heimild).

Um 1980 er íslenskt samfélag gjörbreytt og giftar konur koma út á vinnumarkaðinn af krafti. Svo kröftuglega að íslenskar konur, einkum giftar, vinna í dag hvað mest af skandínavískum konum. Íslenskir karlar vinna líka að jafnaði meira en landar þeirra og vinnustundir kynjanna eru almennt lengri en gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum (Halldór Grönvold, 1994).

Samhliða breyttum hlutverkum innan fjölskyldunnar í þéttbýli breyttust forsendur til hjúskapar. Áður hafði efnahagur skipt öllu en nú jókst vægi tilfinninga í hjónabandi. Óvígð sambúð varð tíðari um 1980 en á sama máta fjölgaði hluti þeirra sem kusu sambúð og að búa í foreldrahúsum.

Í bók sinni, *The Lutheran Doctrine of Marriage in Modern Icelandic Society*, kynnti Björn Bjarnason (1971) niðurstöður sínar um íslenska fjölskyldumyndun. Hann taldi að eitt af einkennum íslensku fjölskyldunnar væri hvernig hún myndaðist. Fyrst yrði þungun sem þróaðist í sambúð í foreldrahúsum og endaði með stofnun heimilis þá með eða án hjónabandi. Annað einkenni væri fjöldi barna samanborið við Norðurlöndin en líka fjöldi barna sem fæðast utan hjónabands (Björn Bjarnason, 1971). Það er áhugavert að bera saman fæðingar innan og utan hjónabands frá árunum 1853 – 2008. Á mynd 3.1 má sjá þá þróun sem hefur átt sér stað yfir þetta tímabil.



Heimild: Hagstofa Íslands, 2009b.

### Mynd 3.1 Lifandi fædd börn eftir hjúskaparstétt móður

Á 19. öld og fram undir miðja 20. öld fæðast fá börn utan hjónabands á Íslandi eða að meðaltali 17,5%. Eftir 1950 eykst tíðni fæðinga og nær hún hámarki í lok sjötta áratugar og í upphafi þess sjöunda en þá fæddu íslenskar konur að meðaltali 4,1 barn um ævina (Hagstofa Íslands 2008a). Það gerist svo á tímabilinu 1986 – 1990 að fjöldi fæddra barna (4.415) utan hjónabands fer snar hækkandi en þá fæddust um 50% barna utan hjónabands. Frá 2001 – 2005 fæddist svipaður fjöldi barna (4.159) og af þeim voru 2.650 fædd utan hjónabands sem gerir um 64%. Árið 2008 fæddust 4.835 börn og af þeim fæddust 3.101 börn utan hjónabands eða 64% eins og á fyrri árum (Hagstofa Íslands, 2009b).

Ef form fjölskyldunnar er skoðað yfir tíu ára tímabil (1998 – 2008) kemur í ljós að litlar breytingar hafa orðið á íslenskum fjölskyldugerðum þrátt fyrir breytt umhverfi. Fjöldi kjarnafjölskyldna<sup>3</sup> á Íslandi árið 1998 var 145.581 fjölskyldur. Þær eru flokkaðar í sjö fjölskyldugerðir af Hagstofunni sem má betur athuga í

<sup>3</sup> „Frá árinu 1999 teljast til kjarnafjölskyldu hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri. Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 18 ára og eldri. Árin 1997 og 1998 teljast til kjarnafjölskyldu hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 15 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 15 ára og yngri. Börn 16 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 16 ára og eldri“ (Hagstofa Íslands, 2008b).

töflu 3.1. Einn af þessum flokkum eru einstaklingar eða 54% þótt þeir teljist ekki til kjarnafjölskyldna. Í þeim flokki er til að mynda fráskilið fólk og ekkjur/ekklar. Hluti einstaklinga virðist í fyrstu vera of stór bita af kökunni en hafa ber í huga að allir þeir sem eru 18 ára og eldri og hafa ekki stofnað til fjölskyldu teljast til einstaklinga í þessu tilviki. Annar flokkur er fjöldi hjónabanda án og með barna. Um 17% kjarnafjölskyldna er hjónaband án barna og um 15% er hjónaband með börnum. Aðeins 2% kjarnafjölskyldna er óvígð sambúð án barna en með börnum er hún 6%. Í þessum flokkum, *hjónaband án barna*, *hjónaband með börnum*, *óvígð sambúð með börnum* og *óvígð sambúð án barna* teljast með pör í staðfestri samvist og samkynhneigð pör í óvígðri sambúð. Konur með börn eru um 6% kjarnafjölskyldna á meðan karlar með börn mælast svo mikið sem 0%. Tíu árum síðar hefðu margir talið að breytingar hefðu orðið á formi íslenskra kjarnafjölskyldna, sérstaklega þar sem tíðni skilnaða hefur fjölgað og tíðni fæðinga hefur minnkað. Árið 2008 var fjöldi kjarnafjölskyldna orðinn 171.649 fjölskyldur. Fjöldi einstaklinga hefur hækkað um 2% en það má kannski útskýra með fjölgun innflytjenda með íslenskt ríkisfang. Hjónaband með og án barna hefur minnkað um 1% hvort, óvígð sambúð með börnum hefur einnig minnkað um 1% en einstæður feður með barn voru árið 2008 1% (Hagstofa Íslands, 2008b).

**Tafla 3.1 Kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerðum 1998 og 2008**

	1998	2008
<b>Einstaklingar</b>	78931	95793
<b>Hjónaband án barna</b>	24154	26776
<b>Hjónaband með börnum</b>	21694	24255
<b>Óvígð sambúð án barna</b>	3226	3265
<b>Óvígð sambúð með börnum</b>	8793	9330
<b>Karl með börn</b>	587	1064
<b>Kona með börn</b>	8196	11166
<b>Kjarnafjölskyldur alls</b>	145581	171649

Heimild: Hagstofa Íslands, 2008b.

Ef aldursskipting íslensku þjóðarinnar er skoðuð kemur í ljós að þjóðin er tiltölulega ung og setur sig því hóp landa eins og Írlands, Frakklands, Danmörk og Lúxemborg. Í byrjun árs 2008 voru Íslendingar samtals 313.376 talsins, 21% þjóðarinnar voru 0 – 14 ára, rúmlega 67% voru á aldrinum 15 – 64 ára og aðeins 12% þjóðarinnar var yfir 65 ára (Hagstofa Íslands, 2008a). Í spá Hagstofu Íslands um mannfjölda á Íslandi fram til ársins 2050 þá er ljóst að aldursamsetning landsins mun breytast. Um 2050 er gert ráð fyrir að Íslendingar verði orðnir 437.844, fæðingartíðni hafi lækkað og að meðalaldur landans hafi hækkað, þetta er svipað því sem aðrar stofnanir spá fyrir um lönd í Evrópu. Vegna þessa breytist aldursamsetning þjóðarinnar. Öldruðum mun fjölga svo um munar. Árið 2007 voru 3,1% Íslendinga yfir áttætt en árið 2050 verða þeir orðnir 7,5% og 20% þeirra verða 65 ára og eldri. Þrátt fyrir þessa spá um þróun verða hér hlutfallslega fleiri börn en í löndum Evrópu og því má þakka frekar hárra fæðingartíðni samanborið við önnur evrópsk lönd (Hagstofa Íslands, 2007).

### 3.2 Hjúskaparlög á Íslandi

Í áraraddir ríkti ójöfnuður í hjónabandi karls og konu samkvæmt lögum, karlinn var konu sinni æðri og réð ríkjum. Samkvæmt Guðnýju Björk Eydal (2005) verður breyting á hjúskaparlögum Norðurlandanna á fyrstu áratugum 20. aldar. Þá er ljóst að hjónaband á að vera samningur milli karls og konu þar sem jafnrétti og sameiginleg ábyrgð ætti að ríkja en mikill sigur var unnin þegar skilnaður án sektar var samþykktur á árunum 1910 – 1920 á Norðurlöndunum (Sama heimild).

Ísland endurnýjaði hjúskaparlöggjöf sína árið 1920 og var þá undir áhrifum þeirra breytinga sem höfðu orðið á Norðurlöndunum. Löggjöfin hafði í för með sér róttækar breytingar. Hún afnam allan einkarétt eiginmannsins og boðaði jafnrétti milli hjóna varðandi eignir og skuldir. Löggjöfin boðaði einnig fjárhagslegt jafnræði og hjón báru sameiginlega ábyrgð á stuðningi til fjölskyldunnar. Þar að auki varð skilnaður töluvert auðveldari þar sem ekki var lengur þörf á að gefa upp ástæður til skilnaðar. Í skilnaði boðaði löggjöfin einnig að hjón sem áttu barn urðu að vera sammála um hver færi með forræði svo hagir barnsins væru í fyrirrúmi. Þróun löggjafarinnar var afleiðing breyttrar stöðu kvenna en kvennahreyfinginn á Norðurlöndunum hafði mikil áhrif á þessa þróun.



Þrátt fyrir þessar lagabreytingar, voru enn í gildi lög sem gerðu körlum hátt undir höfði og gerðu ráð fyrir að þeir væru fyrirvinna heimilanna. Löggjöfin var talin á undan sinni samtíð en náði þó ekki að skapa það jafnrétti sem hún átti að gera. Hjúskaparlögin héldust óbreytt næstu 40 árin eða fram til 1972 þegar þau voru endurskoðuð í takt við norrænar breytingar. Það ár voru breytingar gerðar til að rýmka til í hjónabands- og skilnaðarferlum. Lögin heimiluðu frásældum foreldrum, sem ekki höfðu forræði, umgengni við börn sín. Átti þetta sérstaklega við feður þar sem mæðrum var oftast veitt forræði við skilnað (Sama heimild).

Löggjögfin vegna þeirra sem kusu sér óvígða sambúð var ekki rædd á Alþingi fyrr en árið 1980. Það ár var lögð fram þingsályktunartillaga til að kanna og tryggja réttarstöðu einstaklinga í sambúð. Löggjögfin hafði verið rædd að einhverju leyti á Norðurlöndunum en Svíþjóð var eina landið sem hafði samþykkt sérstök lög um óvígða sambúð (Guðný Björk Eydal, 2005). Ármann Snævarr (2008) bendir á „að þetta sambúðarform hefir lengi tíðkast hér á landi og verið tekið gott og gilt af öllum þórum manna“ (bls. 905) en einhverra hluta vegna ekki fengið verðskulda athygli innan lagarammans.

Árið 1921 var til löggjögfin sem tryggði erfðaréttindi óskilgetinna barna ef foreldri féll frá og annað ákvæði var í alþýðutryggingalögum frá 1943. Annars gerðist lítið fram til ársins 1980. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi þingmaður og núverandi forsætisráðherra, bar fram tillögu árið 1980 og varði réttindi þeirra sem kusu óvígða sambúð. Taldi hún mikilvægt að lagarammi yrði skapaður sérstaklega til að gæta hagsmuna barna en áður hafði verið fullyrt að einstaklingar hefðu val á milli hjónabands og óvígðar sambúðar og því væri ekki þörf á löggjögfin. Jóhanna var þessu ósammála og benti réttilega á, að börn þessara einstaklinga hefðu ekki val og því væri mikilvægt að tryggja réttindi þeirra. Einnig kom í ljós að stór fjöldi Íslendinga, sérstaklega ungt fólk, kaus sér þetta sambúðarform og því enn mikilvægara að hafa lagarammann skýran. Jóhanna lagði því til að einstaklingar ættu að geta skráð sambúð sína til að öðlast viss réttindi og eins til að tryggja réttindi barna. Ekkert gerðist og ári seinna spurði Jóhanna um framvindu löggjafarinnar. Þáverandi dómismálaráðherra svaraði henni svo, að íslensk fjölskyldulöggjögfin hefði alltaf verið í takt við löggjögfin Norðurlandanna og það yrði erfitt að semja nýja löggjögfin án samstarfs við Norðurlöndin. Enn þann daginn í dag er ekki til nein sérstök löggjögfin um óvígða sambúð (Guðný Björk Eydal, 2005; Ármann Snævarr, 2008). Ármann Snævarr (2008) telur að það skorti enn

heilðarlöggjöf vegna skráðrar óvígðrar sambúðar á Íslandi og að það sé tímabært að endurskoða löggjöfina.

Á 19. öld voru töluverðar hömlur á því hverjir gátu gengið í hjónaband og var því stór hluti landsmanna ógiftur. Til var löggjöf sem gat stjórnað þessu en aðgangur að landi var forsenda þess að geta gengið í hjónaband (Gísli Ágúst Gunnlaugsson í Guðný Björk Eydal, 2005; Halldór Grönvold, 1994). Þegar löggjöfinni var aflétt varð aukning á hjónaböndum en fram að þessu hafði tíðni íslenskra hjónabanda verið lægri en þekktist í löndum Evrópu. Íslendingar virðast kjósa að ganga í hjónaband í nafni kirkjunnar því kirkjulegar hjónavígslur hafa verið tíðari heldur en borgaralegar hjónavígslur. Árin 2001 – 2005 var fjöldi hjónavígsla 1.558 og voru þar af 82,2% kirkjulegar hjónavígslur. Borgaralegar hjónavígslur voru lögleiddar árið 1886 og voru þær tíðar á árunum 1936 – 1940 (Ármann Snævarr, 2008).

Verulegur hluti hjónabanda á Íslandi endar ekki með andláti maka heldur skilnaði. Vegna þessa félagslegu aðstæðna mótast íslenska skilnaðarlöggjöfin sem og af þeirri skoðun að hjónaband sé val einstaklingsins. Það má skipta íslensku skilnaðarlöggjöfinni í þrjá „reglur“ samkvæmt Ármanni Snævarr (2008); „samkomulagsreglunni, reglu um einhliða kröfu til skilnaðar og sakarreglu“ (bls. 632). Íslenska skilnaðarlöggjöfin er undir miklum áhrifum danskrar og norskrar löggjafar. Hjón geta sótt um skilnað að borði og sæng, telur annað þeirra eða bæði að þau geti ekki haldið hjónabandi áfram. Ef hjón eru sammála um skilnað geta þau leitað beint til sýslumanns eða dómstóla. Ef þau eru ekki sammála um skilnað getur sýslumaður ekki veitt leyfi. Þá verða hjónin að leita til dómstóla sem veitir þeim maka sem þess óskar, skilnað að borði og sæng. Fyrsta skref hjóna sem eiga börn undir 18 ára aldri er að leita sátta hjá prestri eða forstöðumanni trúfélags. Ef sáttilraun reynist árangurslaus er skrifað upp á vottorð sem ber að sýna sýslumanni. Skilnaður að borði og sæng varir að lágmarki í sex mánuði, þá er skilnaður veittur ef makar eru sammála um að skilja. Séu þeir ekki sammála er skilnaður ekki veittur fyrr en að ári liðnu. Stöku sinnum er beinn skilnaður veittur, það er án skilnaðar að borði og sæng. Nokkrar ástæður geta valdið því; ef hjón hafa búið í sitthvoru lagi í tvö ár vegna ósættis, ef maki hefur framið hjúskaparbrot, kynferðisbrot, líkamsárás eða kvænst aftur án skilnaðar. Tíðni skilnaða að borði og sæng er oft lægri en tíðni lögskilnaða hér á landi. Það helgast af því að hjón taka aftur saman og sækja aldrei um lögskilnað. Að auki getur

hjónaband endað með andláti maka eða að lögskilnaði er aldrei framfylgt. Skilnaði að borði og sæng er ekki gefin neinn tímarammi hér á landi á meðan finnska og sænska löggjöfin leyfa að hámarki eitt ár. Að mati Ármanns Snævarrs (2008) hefur skilnaðarlöggjöf ýmissa landa orðið frjálslægri og skilnaðir auðfengnari með tímanum, nefnir hann þar sérstaklega kaþólsk lönd (Sama heimild).

Það var í byrjun 20. aldar sem íslenskar konu fóru að láta heyra í sér varðandi rétt kvenna til að kjósa til Alþingis og frelsi til þátttöku. Á þessum tíma var kosningarrétturinn bundinn ýmsum skilyrðum. Baráttan skilaði sér og konur öðluðust kosningarrétt árið 1915 en þó með skilyrðum um að hafa náð tilteknum aldri (Sama heimild).

Fóstureyðingar höfðu verið leyfðar frá 1935, þá var aðeins leyfilegt að eyða fóstri af læknisfræðilegum ástæðum. Árið 1975 var sett ný löggjöf sem heimilaði fóstureyðingar af félagslegum og læknisfræðilegum ástæðum en einnig ef konu var nauðgað (Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2006).

Tæp 12 ár eru síðan samkynhneigðir gátu staðfest sambúð sína með lögum sem voru samþykkt 27. júní 1996. Á þeim tíma voru öll Norðurlöndin búin að setja slík lög en eins og áður hefur komið fram voru svipuð lög samþykkt árið 2005 á Spáni (Ármann Snævarr, 2008; Lög um staðfesta samvist nr. 87/1996). Þótt lögin tali ekki um hjónaband samkynhneigðra þá er réttarstaða þeirra í staðfestri samvist svipuð og hjónaband karls og konu. Á þeim tíma sem lögin voru samþykkt vantaði þó nokkuð uppá jafnrétti samkynhneigðra varðandi fjölskyldurétt. Konur í staðfestri samvist gátu ekki farið í tæknifjörgun, samkynhneigt þar gat ekki sótt um ættleiðingu barns og aðeins borgaralegum vígslumanni var heimilt að staðfesta samvist þeirra. Með lögum sem voru samþykkt árið 2006 var þessu misrétti útrýmt að mestu. Lögin bættu réttarstöðu samkynhneigðra hvað sambúð, ættleiðingar og tæknifjörgun varðar og í dag njóta þeir sömu réttinda og gagnkynhneigðir gera í skráðri óstaðfestri sambúð (Atli Harðarson, 2007; Ármann Snævarr, 2008; Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2006).

Í dag eru fjórar tegundir af sambúðarformum eru viðurkennd í íslenskum lögum; hjónaband, óvígð sambúð karls og konu, staðfest samvist samkynhneigðra og óstaðfest sambúð samkynhneigðra (Ármann Snævarr, 2008).

### 3.3 Að samþætta fjölskyldu og atvinnulíf

Eins og fram hefur komið er atvinnuþátttaka á Íslandi mjög há, reyndar er hún ein sú mesta í Evrópu eða um 84%. Um 81% kvenna taka þátt í atvinnulífinu og 87% karla. Fæðingartíðni er einnig mjög há eða þriðja mesta í heiminum, aðeins Tyrkland og Mexíkó eru með hærri tíðni (Hagstofa Íslands, 2008c). Meira en 90% íslenskra barna á aldrinum 2ja – 5 ára eyða stundum sínum á leikskóla og meira en 80% þeirra eru þar í sjö eða fleiri klukkustundir. Hér hafa aðstæður fjölskyldu umpólast frá því sem áður var og hlutverkaskipan foreldra er ekki lengur eins einföld. Feður sem fyrirvinnur og mæður sem húsmæður þekkist ekki lengur á Íslandi (Jafnréttisstofa, 2005).

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur nýverið gefið út skýrsluna *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála: jafnrétti kynjanna í tölum* (2009). Í henni kemur meðal annars fram að vegna fyrrgreindra atriða getur mögulega myndast togstreita hjá kynjunum á milli fjölskyldu og atvinnulífs því erfitt getur reynst að samþætta þessi tvö mikilvægu atriði. Einnig hefur sú umræða skapast hvort verkaskipting sé jöfn innan íslenskra heimila og hvort mæður geti tekið eins mikinn þátt á vinnumarkaði eins og þær kæra sig um að gera. Þrátt fyrir langan vinnudag sýna íslenskar rannsóknir að konur virðast bera meiri fjölskylduábyrgð heldur en karlar. Í skýrslunni er vitnað í rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands en samkvæmt henni telja 46% aðspurðra kvenna að þær beri meiri ábyrgð heldur en makar þeirra á þeim heimilisstörfum sem þarf að gera. Aðeins 5% karla töldu sig bera ábyrgðina. Að sama skapi fannst 70% kvennanna að þær bæru ábyrgð á umönnun og eftirliti með barni eða börnum sínum undanfarna sex mánuði en aðeins 7% karlanna fannst ábyrgðin liggja hjá þeim. Í skýrslunni er sérstaklega vakin athygli á þessari svörun kynjanna því hún veldur áhyggjum. Séu kynin svona sammála því hver beri ábyrgðina innan veggja heimilisins þá hafa framfarir okkar sem þjóð ekki verið nægilegar hvað jafnrétti kynjanna varðar. Ráðuneytið telur mikilvægt að fræða þjóðina varðandi þessi viðhorf svo breytingar verði á verkaskiptingu heimilanna (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009).

Þessu til stuðnings hefur Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, bent á í riti sínu, *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi, þróun eftir lagasetninguna árið 2000* (2007), að við fæðingu barns fari foreldrar aftur í

hin hefðbundnu kynjahlutverk 20. aldar. Mæður minnka við sig vinnu eftir barnsburð á meðan feður bæta við sig. Við töku fæðingarorlofa er verkaskipting kynjanna einnig mjög sterk. Mæður finna sterka þörf fyrir að sinna móðurhlutverkinu heilshugar á meðan feður standa vaktina sem fyrirvinnur. Þrátt fyrir þessi afturhvarf bendir Ingólfur á að mikilvægar framfarir eigi sér stað hvað varðar þátttöku feðra í uppeldi barna sinna, þetta tekur þó allt sinn tíma. Framfarirnar eru að feður fara tímabundið af vinnumarkaði í feðraorlof og viðhorf þeirra og hegðun breytist í kjölfarið. Þeir kynnast þeirri tilfinningu að bera aukna ábyrgð á heimilinu og að vera aðal uppalandi barna sinna. Þarna verður samvinna á milli foreldra sem er nútímafjölskyldunni svo mikilvæg. Án samvinnu er hættu á að fjölskyldan hverfi aftur til gömlu gildanna. Til viðbótar læra mæður að gefa örlítið eftir og að treysta mökum sínum fyrir þeim heimilistörfum sem þarf að sinna. Feður upplifa ekki að karlímynd sín veikist við töku feðraorlofs, þeir telja sig fá jákvæð viðbrögð frá samfélaginu og sé jafnvel hrósað ef þeir taka meira en þriggja mánaða feðraorlof. Aftur á móti hafa mæður fengið neikvæð viðbrögð fyrir að fullnýta ekki sitt mæðraorlof og jafnvel taldar verri mæður fyrir vikið (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Eitt þeirra atriða sem gæta verður til að koma í veg fyrir að mæður fari af vinnumarkaði er örugg dagvistun barna. Ef skortur er á dagvistarplássum hefur sagan sýnt sig að konur eru líklegri til að draga úr vinnu heldur en feður. Jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði eykst ef örugg dagvistun barna að loknu fæðingarorlofi er tryggð sem og nægilegur fjöldi plássá á frístundarheimilum fyrir börn á grunnskólaaldri (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009).

### **3.4 Kirkjan og fjölskyldan**

Í Stjórnarskrá Íslands segir: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda“ (62. grein). Íslendingar hafa ekki litið á ríkistrúnna sömu augum og Spánverjar hafa gert, hún virðist ekki vera einn af máttarstólpum uppeldisins. Í könnum sem var gerð af Gallup árið 2004 fyrir Biskupstofu töldu 42% aðspurðra að taka ætti þetta ákvæði úr stjórnarskránni. Í þessari sömu könnun töldu um 69% Íslendinga sig vera trúaða en að sama skapi fara 43% aldrei í kirkju til almennrar messu (Gallup,

2004). Þarna svipar þjóðunum saman þar sem Spánverjar telja sig vera kaþólska en ekki trúrækna eins og fram hefur komið. Árið áður hafði þjóðkirkjan sett sér stefnur og starfsáherslur fyrir árin 2004 – 2010 og þar var fjölskyldan ofarlega á blaði. Ein af meginstefnum kirkjunnar er:

Þjóðkirkjan lítur á fjölskylduna sem mikilvægan vettvang trúaruppeldis, vaxtar og þroska:

- Við viljum styrkja fjölskylduna sem hornstein samfélagsins og kirkjulegs starfs.
- Við viljum efla tengsl milli heimilis og kirkju.
- Við viljum sérstaklega styðja ungar fjölskyldur (Þjóðkirkjan, 2008, bls. 4).

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, ávarpaði þjóðina árið 2005 í nýárskveðju sinni. Þar lýsir hann yfir þungum áhyggjum kirkjunnar um framtíð fjölskyldunnar. Hann telur að dagmæður, leikskólar, skólar og sérfræðingar sinni uppeldi íslenskra barna, frá þeim fá börn umhyggju, menntun og fræðslu. Foreldrar finni til vanmáttarkenndar, þeir ræða lítið við börn sín og hlutir eins og sjónvarp og tölvur sinni gæslu- og uppeldishlutverki í sífellt auknu mæli. Að auki hafi fjöldi foreldra „yfirgefið“ börn sín „á mesta velmegunarskeiði Íslandssögunnar“ (Karl Sigurbjörnsson, 2005). Karl hugsar tilbaka með söknuði um foreldra sína og minnst þess að aldrei skorti þeim tíma til að sinna börnunum sjö. Hann veltir því einnig fyrir sér hvort klukkustundirnar í sólarhringnum hafi verið fleiri þá. Hann hefur áhyggjur af hraða nútímasamfélagsins og minnir fólk á að eyða meiri tíma með maka sínum og börnum, vinum og vandamönnum (Karl Sigurbjörnsson, 2005).

## Lokaorð

Augljóst er að mönnum greinir á um hvert fjölskyldan stefnir. Eins og fram kom í bók Williams (2007) er ýmist litið á stöðu hennar slæma eða góða. Þótt bjartsýnissjónarmiðið einfaldi hlutina kannski um of þá hefur margt gott áunnist fyrir fjölskylduna í gegnum árin. Jafnrétti kynjanna hefur tekið framförum þótt sannarlega megi gera betur. Baráttunni er engan vegin lokið. Mikilvægt er þó að halda ótrauð áfram og gefast ekki upp. Forverar okkar hafa lagt mikið á sig og vinna þeirra yrði að engu ef árar væru lagðar í bát. Sambönd í dag byggja fremur á gagnkvæmri virðingu, hamingju, samvinnu og ekki síst sjálfstæði kvenna að mati Williams en hún telur einnig að margir samverkandi þættir hafi áhrif á fjölskylduformið. Nefnir hún efnahagslega, félagslega, menningarlega og lýðfræðilega þætti sem allir eigi þátt í því að ný formgerð á fjölskyldu sé að verða til.

Samkvæmt Barbagli og Kertzer (2003) hafa evrópskar fjölskyldur breyst. Í dag ríkja margvísleg fjölskylduform sem aðlagast að tíma og menningu hvers lands fyrir sig. Engin ein leið er réttari en önnur og í dag nýtir einstaklingurinn sér það val sem er í boði fyrir nútímafjölskyldur. Að mati Barbagli og Kertzer (2003) eru fjölskyldugildi sterk á Spáni.

Staðreyndin er sú að í okkar nútímasamfélagi fækkar giftingum og skilnuðum fjölgar. Einstæðum foreldrum fjölgar en rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir eru fljótir að finna sér nýjan lífsförunaut og þá einkum einstæðir feður.

Móðurhlutverkið er og var konum eðlislægt. Börn eru konum ekki síður mikilvæg í dag þótt þær kjósi að eignast þau færri og jafnvel seinna. Þær eru upplýstari, betur menntaðar, fjárhagslega sjálfstæðari og þroskaðri fyrir vikið þegar þær eignast sín börn. Það hlýtur að vera börnum til góðs.

Eins og fram kom í kaflanum um lykiltölur landanna þá eru fleiri Íslendingar á vinnumarkaði og vinnudagur þeirra er lengri en Spánverja. Spænskar konur eru að meðaltali eldri (29 ára) en íslenskar konur (26 ára) þegar þær eignast sitt fyrsta barn. Íslenska fæðingarorlofið tryggir báðum foreldrum rétt til að umgangast barn sitt á fyrstu mánuðum ævi þess. Þar eiga mæður og feður þriggja mánaða orlof hvert, sem er sérstaklega merkt þeim. Íslenskra feðraorlofið hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim. Spænska fæðingarorlofið er aðeins 16 vikur, þar af eru tveir dagar sérstaklega merktir föður. Dagvistarúrræði

landanna eru frábrugðin. Á Íslandi eru þau betri og fleiri börn fara við ungan aldur í dagvistun. Á Spáni fara flest börn ekki í dagvistun fyrr en við þriggja ára aldur þegar í boði er að fá ríkisgreidda menntun. Vegna þessa treysta barnafjölskyldur á Spáni á stuðning stórfjölskyldunnar. Höfundur veltir því fyrir sér hvort samband yngri og eldri kynslóða sé sterkari á Spáni vegna þessa. Afar og ömmur aðstoða og taka virkan þátt í uppeldi spænskra barna þar sem fæðingarorlof og dagvistarúrræði er ábótavant. Spænska þjóðin telur að konur veiti betri umönnun og hafi sterkari eðlishvöt en karlar til að verða foreldri. Sú almenna skoðun ríkir einnig að börn hljóti skaða af ef mæður þeirra eru útivinnandi. Þessi gildi eru rótgróin í spænskan hugsunarhátt. Á Íslandi telja bæði konur og karlar að ákveðin kynhlutverk séu þeim eðlislæg.

Þrátt fyrir að margir einstaklingar finni sig í þeim erfiðu aðstæðum að vera einstætt foreldri, þá líta þeir svo á að fjölskyldan sé í fyrsta sæti eins og fram kom hjá Inglehart, Basañez og Moreno (2001). Um 91% Íslendinga telja fjölskylduna mjög mikilvæga á meðan 82% Spánverja telja hana mikilvæga. Trú þjóðanna á hjónabandið sjálft er mismikið en Íslendingar eru þar bjartsýnni. Þættir eins og gagnkvæm virðing, að vera trúr maka sínum, skilningur og þolinmæði eru báðum þjóðunum ofarlega í huga ef hjónaband á að vera farsælt.

Spánverjar stóðu framarlega í jafnréttismálum þegar konum var veittur kosningaréttur og jafnrétti var lögfest á milli hjóna árið 1931. Þegar herforinginn Francisco Franco komst til valda var öllum þeim réttindum fleygt af borðinu. Karllæg viðhorf þjóðarinnar afmáðu öll réttindi kvenna og samkynhneigð var bæld niður á ofsafenginn hátt. Konur áttu að helga líf sitt hjónabandinu og móðurhlutverkinu en þær gáfust ekki upp þegjandi og hljóðalaust heldur börðust alla valdatíð Francos og á 6. áratug síðustu aldar fengu konur réttindi sín tilbaka. Í kosningum 2004 komst vinstri sinnuð ríkisstjórn til valda. Jafnrétti kynjanna er ríkisstjórninni mikið hitamál (sama má segja um nýkosna ríkisstjórn Íslands) en meira en helmingur hennar er skipaður konum. Ríkisstjórnin hefur einnig aukið réttindi samkynhneigðra töluvert og nú er Spánn í hópi frjálslyndra landa í Evrópu. Kapólska kirkjan reyndi að berjast gegn þessum nýju áherslum og óttaðist um hag fjölskyldunnar. Kirkjan virðist gleyma því að ímynd fjölskyldunnar hefur breyst. Á hverjum tíma ríkja ákveðin gildi og viðhorf sem eiga sterkan þátt í að móta ríkjandi fjölskyldustefnur. Fjölskyldan hefur þróast en kirkjan hins vegar ekki. Þess vegna verður þetta stóra bil á milli þessara tveggja mátarstólpa í



landinu og barátta um völdin. Að mati höfundar þarf kirkjan að aðlagast nýjum tímum og finna leiðir til að halda völdum og virðingu. En höfundur spyr sig: Hefur kirkjan komið í veg fyrir að hún geti þróast í takt við tímann með sínum sterku og íhaldssömu gildum sem hafa verið við lýði öldum saman og aldrei breyst? Það gefst ekki tími til að svara þessari spurningu hér en höfundur veltir henni óneitanlega fyrir sér. Ríkisstjórnin segist ekki vera á móti kirkjunni, heldur séu tímar breyttir. Taka þurfi tillit til annara trúarbragða og eins til fjölbreytileika fjölskyldna því á hverjum tíma ríkja ákveðin gildi og viðhorf sem eigi sterkan þátt í mótun ríkjandi fjölskyldustefna.

Ísland hefur þróast hratt úr einföldu bændasamfélagi yfir í flókið neyklusamfélag. Það getur verið að samfélagið í heild sinni hafi ekki náð að meðtaka nýja myndun á fjölskyldunni. Á 20. öld verður breyting á hjúskaparlöggjöf Norðurlandanna. Áður fyrr var litið á karlinn sem höfuð fjölskyldunnar, rétt eins og á Spáni, og var það bundið í lögum. Á 20. öld verður ljóst að hjónaband á að vera samningur karls og konu þar sem sameiginleg ábyrgð og jafnrétti á að ríkja. Ísland endurnýjar löggjöf sína árið 1920 og þá undir áhrifum Norðurlandanna. Löggjöfin boðaði breytta tíma og auðveldaði skilnað. Ísland og Spánn hafa því bæði reynt að gera skilnaðarlöggjöfina sína frjálslegri og sveigjanlegri. Að mati Ármanns Snævarr (2008) mótast skilnaðarlöggjöfin af félagslegum aðstæðum. Hjónaband er val hvers einstaklings og hann hefur að endingu val hvort hann vilji halda því áfram eða ekki. Samkynhneigðir einstaklingar á Íslandi gátu með lögum staðfest samvist sína árið 1996. Í skrefum hefur réttarstaða þeirra verið bætt og í dag getur þar í staðfestri samvist sótt um ættleiðingu eða farið í tæknifrjógvun. Atvinnuþátttaka kynjanna er stór hluti af lífi íslenskra fjölskyldna. Bæði kynin vinna langan vinnudag og börn þeirra eyða löngum stundum í dagvistun, togstreita getur myndast vegna álags en hér reynir á samvinnu kynjanna. Íslenska kirkjan hefur list yfir áhyggjum sínum varðandi fjölskylduna og ein af meginstefnum kirkjunnar og starfsáherslur til ársins 2010 er að styrkja fjölskylduna. Biskup Íslands er á sama máli um framtíð fjölskyldunnar og hugsar hlýlega til fyrri tíma þegar foreldrar höfðu nægan tíma fyrir börn sín, að hans mati. Höfundur getur ekki verið sammála um að ástandið á uppeldi íslenskra barna sé svona svart. Það lítur út fyrir að íslenska kirkjan sé í sömu stöðu og spænska kirkjan, föst í hjólförum íhaldsamra skoðana og sér ekki að fjölskyldur

hafa þróast. Jú, það er satt að íslensk börn dvelja lengi í dagvistun en foreldrum í dag er mjög annan um velferð barna sinna og vilja hag þeirra sem bestan.

Fjölskyldan er tvímælaust breytt, gildi hennar og ímynd eru breytt frá því sem áður var en málið er, að hún mun ávallt breytast í takt við þau samfélagsgildi sem eru ríkjandi hverju sinni. Þetta er þróun sem er ómögulegt að stöðva en hún þarf ekki að vera neikvæð. Við verðum að setta okkur við þá staðreynd að skilnaðir eru mjög tíðir í okkar samfélagi og að öllum líkindum verður ekki breyting þar á. Hjónaböndum fer fækkandi og fæðingartíðni með. Fjölskyldur í Evrópu hafa sætt mótlæti og meðlæti í gegnum aldirnar en fjölskyldan er og verður alltaf sú kjölfesta sem einstaklingur þarfnast og leitar til í gleði og sorg. Því er nauðsynlegt að líta á heildarmyndina og gera sér grein fyrir því að íslenskar og spænskar fjölskyldur hafa breyst, eftir ólíkum leiðum þó. Báðar stefna þær að frjálslyndari og fjölbreyttari fjölskylduformi þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín, hvort sem hann er gagnkynhneigður eða samkynhneigður, kona eða karl.

Reykjavík, 29. apríl 2009.

---

Þorbjörg Una Þorgilsdóttir

Kt. 040681 - 4509

## Heimildir

- Allen, J.L. (2005, 1 júlí). A new battle plan. Spanish catholics take pope's fight against relativism to the streets. *National Catholic Reporter*. Sótt 17. mars 2008 úr EBSCO gagnagrunninum.
- Atli Harðarson. (2007). *Um hjónabönd samkynhneigðra*. Skírnir, 181, 203 – 215.
- Ármann Snævarr. (2008). *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Barbagli, M., Kertzer, D.I. (2003). *The History of the European Family*. New Haven: Yale University Press.
- Biblían*. (1973). Reykjavík: Hið íslenska bíblíufélag.
- BirdJeff, M., Walker, J., og Zaldua E. (2005). Church vs. State Spanish Catholics fear new laws allowing gay marriage and quicker divorces threaten traditional values. Inside the battle for the soul of Spain. *Time International*, 166, 36 – 39. Sótt 17. mars 2008 úr Proquest gagnagrunninum.
- Björn Bjarnason. (1971). *The Lutheran Doctrine of Marriage in Modern Icelandic Society*. Oslo: Almenna bókafélagið.
- Bogi Þór Arason. (2008, mars). Sósíalístaflokkurinn hrósaði sigri á Spáni. *Morgunblaðið*, bls. 14.
- Bragi Guðbrandsson. (1994). Opinber fjölskyldustefna, ný sýn. Í Ingibjörg Broddadóttir (Ritstj.), *Fjölskyldan: uppspretta lífsgilda* (bls. 29 – 43). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Carr, R. (2000). *Spain: a history*. New York: Oxford.
- Casals, M.M. (2002). *Grounds for divorce and maintenance between former spouses*. Sótt 5. mars 2008 af <http://www2.law.uu.nl/priv/cefl/Reports/pdf/Spain02.pdf>.
- Centro de Investigaciones Sociológicas (C.I.S.). (2008, janúar). *Barómetro de enero. Tabulación por recuerdo de voto y escala de ideología*. Sótt 20. mars 2008 af [http://217.140.16.129/pdf/Es2749rei\\_A.pdf](http://217.140.16.129/pdf/Es2749rei_A.pdf).
- Coontz, S. (2007). The Origins of Modern Divorce. *Family Process*, 46, 7 – 16. Sótt 17. mars 2008 úr Proquest gagnagrunninum.
- Eurostat. (2008a). *Eurostat regional yearbook 2008*. Sótt 17. janúar 2009 af [http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?\\_pageid=1073,46587259&\\_dad=portal&\\_schema=PORTAL&p\\_product\\_code=KS-HA-08-001](http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?_pageid=1073,46587259&_dad=portal&_schema=PORTAL&p_product_code=KS-HA-08-001).

- Eurostat. (2008b). *Living conditions in Europe*. Sótt 19. janúar 2009 af [http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?\\_pageid=1073,46587259&\\_dad=portal&\\_schema=PORTAL&p\\_product\\_code=KS-DZ-08-001](http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?_pageid=1073,46587259&_dad=portal&_schema=PORTAL&p_product_code=KS-DZ-08-001).
- Eurostat. (2008c). *The life of women and men in Europe*. Sótt 17. janúar 2009 af [http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?\\_pageid=1073,46587259&\\_dad=portal&\\_schema=PORTAL&p\\_product\\_code=KS-80-07-135](http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?_pageid=1073,46587259&_dad=portal&_schema=PORTAL&p_product_code=KS-80-07-135).
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009, janúar). *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála: jafnrétti kynjanna í tölum*. Sótt 11. apríl 2009 af [http://www.jafnretti.is/D10/\\_Files/Jafnrth2009\\_net.pdf](http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Jafnrth2009_net.pdf).
- Fríða Rós Valdimarsdóttir. (2005). *Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndum og reynsla þjóðanna*. Sótt 10. apríl 2009 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/ff05.pdf>.
- Gallup. (2004). *Trúarlíf Íslendinga*. Sótt 10. apríl 2008 af [http://kirkjan.is/skjol/truarlif\\_islendinga\\_2004.pdf](http://kirkjan.is/skjol/truarlif_islendinga_2004.pdf).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1994). Fjölskyldan í skuggsjá sögunnar. Í Ingibjörg Broddadóttir (Ritstj.), *Fjölskyldan: uppspretta lífsgilda* (bls. 53 – 60). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Guðný Björk Eydal. (2000). Fæðingarorlof og dagvist: íslensk fjölskyldustefna í 50 ár. Í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum III*. (bls. 433 – 455). [Reykjavík]: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal. (2004). Hvernig samhæfa íslenskar barnafjölskyldur atvinnuþátttöku og umönnun ungra barna. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 325 – 334). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðný Björk Eydal. (2005). *Family policy in Iceland 1944 – 1984*. Göteborg: Göteborg University.
- Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson. (2006). Family Policy in Iceland: An overview. Sótt 21. apríl 2009 af <http://www.thjodmalastofnun.hi.is/velferdarmal.html>.
- Grugel, J. og Rees, T. (1997). *Franco's Spain*. London: Arnold.
- MacShane, D. (2006). Poet who had to die. *New Statesman*, 17 – 18. Sótt 14. apríl 2009 úr Proquest gagnagrunninum.
- Myhre, R. (2001). *Stefnur og straumar í uppeldissögu* (Bjarni Bjarnason þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Hagstofa Íslands. (2004a). Konur og karlar 2004. Sótt 10. apríl 2009 af <http://www.hagstofa.is/Utgefur/Utgefur-efir-efni/Heilbrigdis--felags--og-domsmal>.
- Hagstofa Íslands. (2004b). *Lifandi fæddir árið 2003*. Sótt 10. apríl 2008 af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=167>.
- Hagstofa Íslands. (2007). *Spá um mannfjölda 2007 – 2050*. Sótt 10. apríl 2009 af <http://hagstofa.is/default.aspx?pageid=2072&Query=Sp%E1+um+mannfj%F6lda>.
- Hagstofa Íslands. (2008a). *Fæðingar 2007*. Sótt 14. apríl 2008 af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=3212&templateid=8>.
- Hagstofa Íslands. (2008b). *Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998 – 2008*. Sótt 8. apríl 2009 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Fjolskyldan>.
- Hagstofa Íslands. (2008c). *Ísland í tölum 2008-2009*. Sótt 7. apríl 2009 af <http://www.hagstofa.is/Pages/951>.
- Hagstofa Íslands. (2008d). *Meðal-, mið- og tíðasti aldur brúðhjóna eftir fyrri hjúskaparstétt 1961 – 2007*. Sótt 24. apríl 2009 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>.
- Hagstofa Íslands. (2009a). *Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi 1991 – 2008*. Sótt 24. apríl 2009 af <http://hagstofan.is/Hagtolur/Laun,-tekjur-og-vinumarkadur/Vinumarkadur>.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Lifandi fædd börn eftir aldursflokki móður og hjúskaparstétt 1853 – 2008*. Sótt 10. apríl 2009 af <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Faaddir-og-danir>.
- Halldór Grönvold. (1994). Fjölskyldan og atvinnulífið. Í Ingibjörg Broddadóttir (Ritstj.), *Fjölskyldan: uppspretta lífsgilda* (bls. 61 – 70). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Harpa Njáls. (2006). Velferðarstefna – Markmið og leiðir til farsældar? Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 103 – 115). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ingólfur V. Gíslason. (2007). *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi, þróun eftir lagasetninguna árið 2000*. Sótt 11. apríl 2009 af [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is).
- Institute for family policies. (2007). *Report on the evolution of the family in Europe 2007*. Sótt 6. mars 2008 af <http://ipfe.org/>.
- Institute for family policies. (2008). *Report on the evolution of the family in Europe 2008*. Sótt 18. janúar 2009 af <http://ipfe.org/>.

- Instituto de política familiar. (2007a). *Evolución de la familia en España*. Sótt 6. mars 2008 af <http://www.ipfe.org/es/>.
- Instituto de política familiar. (2007b). *Las ayudas a los hijos en España*. Sótt 6. mars 2008 af <http://www.ipfe.org/es/>.
- Jafnréttisstofa. (2005). *Fathers on parental leave*. Sótt 11. apríl 2009 af [http://www.jafnretti.is/D10/\\_Files/Fathers%20Parental%20Leave.pdf](http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Fathers%20Parental%20Leave.pdf).
- Jón Björnsson. (1994). Hin óopinbera fjölskyldustefna hins opinbera. Í Ingibjörg Broddadóttir (Ritstj.), *Fjölskyldan: uppspretta lífsgilda* (bls. 111 – 119). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Junco, J.A. og Shubert, A. (2000). *Spanish history since 1808*. New York: Arnold.
- Karl Sigurbjörnsson. (2005). *Nýársræða Biskups Íslands*. Ríkisútvarpið, Rás 1. 1. janúar.
- Landshagir*. (1991 – 1993). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Landshagir*. (1997 – 1999). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Loewenberg, S. (2004, 29. nóvember). Letter from Spain. *The Nation*. Sótt 17. mars 2008 af <http://www.thenation.com/doc/20041129/loewenberg>.
- Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifjórvgun)* nr. 65/2006.
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof* nr. 95/2000.
- Lög um staðfesta samvist* nr. 87/1996.
- Merino-Blanco, E. (1996). *The Spanish legal system*. London: Sweet and Maxwell.
- Parke, R.D. (1981). *Fathers*. Cambridge: Harvard University Press.
- Platero, R. (2007). *Love and the state: gay marriage in Spain*. Sótt 17. mars 2008 af [www.springerlink.com](http://www.springerlink.com).
- Purcell, J. (2005, 30. maí). The pain in Spain. *New Statesman*. Sótt 17. mars 2008 úr EBSCO gagnagrunninum.
- Inglehart, R., Basañez, M., og Moreno, A. (2001). *Human Values and Beliefs* (4. útgáfa). Ann Arbor: The University of Michigan Press.
- Sciolino, E. og Burnett, V. (2008, 10. mars). Socialists Re-elected in Spain, After a Bitter Campaign. *New York Times*. Sótt 17. mars 2008 úr Proquest gagnagrunninum.

- Schubert, A. (1990). *A Social History of Modern Spain*. London: Unwin Hyman.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1995). Fjölskyldukenningar og rannsóknir. Í Sigrún Júlíusdóttir (Ritstj.), *Barna fjölskyldur: samfélag, lífsgildi, mótun: rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi* (bls. 11 – 33). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson. (1994). Þjóðfélagslegur forsendur framfara. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 175 – 186). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
- Þjóðkirkjan. (2008). *Stefna og starfsáherslur þjóðkirkjunnar*. Sótt 10. apríl 2008 af [http://kirkjan.is/kirkjuthing/fylgiskjol/2003/stefna\\_og\\_starfsaherslur\\_thjodkirkjunnar\\_2004\\_2010.pdf](http://kirkjan.is/kirkjuthing/fylgiskjol/2003/stefna_og_starfsaherslur_thjodkirkjunnar_2004_2010.pdf).
- Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2004a). Culture, custom and caring: Men's and women's possibilities to parental leave. Sótt 22. apríl 2009 af <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadDocument&ID=16&DocCatID=12>.
- Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2004b). Feður, börn og fæðingarorlof á Íslandi og í Noregi. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 287- 302). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

